

Starfsáætlun Tjarnarskóla

Skólaárið 2022 -2023



Lítill skóli með stórt hjarta

Innihald

Tjarnarskóli.....	8
Stefna skólans.....	8
Markmið – áherslur - leiðarljós	9
.....	9
Stjórnkerfi – skipurit.....	10
.....	11
Skólaráð.....	11
Skólaráð 2021 – 2022.....	12
Kynning og starfsreglur skólaráðs	12
Skólaráðið.....	12
Reglur um kosningu nemenda.....	12
Reglur um kosningu foreldra.....	13
Verkefnaskrá skólaráðs	13
Verkefnaskrá skólaráðs 2022 - 2023	15
Starfsfólk skólans skólaárið 2022 - 2023	16
Starfsmannastefna	17
Haft er að leiðarljósi að vinnuandi einkennist af.....	17
Verksvið starfsmanna.....	17
Skólastjóri.....	17
Umsjónarkennarar eru þrír	17
Aðrir kennarar eru greinakennarar	17
Stoðkennari	18
Ritari	18
Ræsting.....	18
Skólahjúkrunarfræðingur.	18
Námsráðgjafi	18
Ábyrgð og skyldur starfsmanna.....	18
Trúnaðarmenn.....	19
Öryggismál.....	19
Persónuvernd	19
Nýir starfsmenn.....	19
Símenntun – starfsþróun.....	19
Starfsþróunaráætlun Tjarnarskóla 2022 – 2023	20

Starfsmannaviðtöl	23
Vellíðan á vinnustað	23
Mannréttindi og jafnrétti	23
Stjórnandinn við stýrið.	23
Starfsbyrjun og starfslok.....	24
Starfsáætlun nemenda	24
Vikulegur stundafjöldi	24
Samfelld stundaskrá	24
Sveigjanleiki innan námssviða	24
Nemendur geta lokið námi á mislögum tíma	25
Fjarnámsáfangar á framhaldsskólastigi.....	25
Valgreinar og samvinna við Tækniskólann og fleiri aðila	25
Skóladagatalið – þrjár annir	26
Skóladagatal Tjarnarskóla.....	26
Kennsludagar	26
Kennlustundafjöldi.....	27
Skólaár Tjarnarskóla skiptist í þrjár annir	27
Skóladagar	27
Vettvangsferðir	27
Foreldraviðtöl	27
Tilhögun kennslu	28
Kennsluáætlanir og viðfangsefni á Google Classroom frá skólaárinu 2018 - 2019	28
Námsvefurinn Námfús til hliðar við Google Classroom	28
Kennsluáætlanir eftir árgöngum	29
Nemendur með annað móðurmál en íslensku.....	30
Heimanám	30
Mat á skólastarfinu.....	31
Áætlun um innra mat	31
Innra mat/sjálfsmat í Tjarnarskóla frá árinu 2008.....	31
Fyrsti fimm ára sjálfsmatsramminn 2008 - 2013.....	31
Nýr fimm ára rammi á skólaárunum frá 2013 – 2018	32
Tvíþætt umbótaáætlun skólaveturinn 2013 – 2014.....	33
Þriðji fimm ára ramminn á skólaárunum 2018 - 2023	34
Umbótaáætlunin 2022 – 2023.....	35

Heildarmat á skólastarfinu	36
Viðhorfskönnun meðal foreldra unnin 2022	36
Foreldrafélag – foreldrasamstarf	36
Stefna skólans í foreldrasamstarfi	36
Lög foreldrafélagsins	37
Lög foreldrafélags Tjarnarskóla	37
Lög foreldrafélagsins í endurskoðun	38
Verkefnaskrá - viðburðir	38
Mikil þátttökuaukning foreldra síðast liðin ár ef covidárin eru undanskilin	38
Mikil samvinna í tengslum við Evrópuverkefni og móttöku erlendra gesta.....	39
Þátttaka í mótun skólastarfsins og aðkoma foreldra að fleiri þáttum í skólastarfinu	39
Undirbúningur og fjáröflun fyrir útskriftarferð og útskriftarhátíð 10. bekkinga	39
Bekkjjarfulltrar og foreldraráð Tjarnarskóla veturinn 2022 – 2023	40
Félagsstarf nemenda	40
Nemendaráð.....	40
Nemendaráð skólaárið 2022 - 2023	40
Þátttaka nemenda í viðburðum á vegum Samfés	41
Skólabragur - skólareglur - umgengni	42
Skóla – og umgengnisreglur	42
Stundvísi – ástundun - samskipti.....	43
Heilbrigði og velferð – mannræktin/lífsleiknin á dagskrá allt frá 1985	43
Reglur um tölvu- og snjalltækja/símanotkun í skólanum.....	43
Tölvusamningar	43
Símareglur	44
Ef hegðun er ábótavant - verklagsreglur	44
Viðbrögð við hegðunarfrávikum og alvarlegum brotum.....	44
Tjarnarskólatakturinn – skólabragurinn, viðmót og menning.....	45
Heimilislegt yfirbragð, hlýlegt umhverfi, gott viðmót	45
Lýsing foreldra og nemenda á Tjarnarskólataktinum.....	45
Lýsing foreldra	45
Lýsing nemenda.....	47
Stefna varðandi viðbrögð við alvarlegum agamálum.....	48
Ofbeldi er óásættanlegt í skólastarfi!.....	48
Nemendur með fjölþættan vanda.....	49

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum:	49
Opinberar leiðbeiningar um líkamlegt inngríp	49
Leiðbeiningar um úrlausn erfiðra ágreiningsmála í skólastarfi:	49
Hagnýtar upplýsingar um skólahald	49
Forföll og leyfi.....	50
Mötuneyti: heitur matur – nesti – hafragrautur og ávextir – beyglur	50
Viðtalstímar kennara	50
Tjón og slys – tryggingar	50
Fatnaður og óskilamunir.....	51
Bókasafn	51
Íþróttir, sund.....	51
Skápar fyrir nemendur	52
Vettvangsheimsóknir, skólaferðalög, utanlandsferðir, móttaka erlendra gesta	52
Ferðalög.....	52
Vettvangsferðir.....	52
Samskipta- og upplýsingavefurinn Námfús; www.namfus.is	53
Samskipti gegnum Google Classroom kerfið.....	53
Mikil áhersla lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra.....	53
Námfús	53
Tölvupóstur.....	54
Umsjónarkennarapóstur.....	54
Heimasíðan okkar	54
Fésbókarsíður	54
SMS sendingar	54
Haustfundir með foreldrum	54
Viðtalsdagar.....	54
Fundir á vegum skólaráðs.....	54
Útivistarreglur.....	55
Stoðþjónusta	55
Stuðningur í námi, sérkennsla, sérúrræði	55
Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.....	56
Einstaklingsáætlanir fyrir þá sem þarfnast sérstaks stuðnings	56
Skimanir.....	57
Hlutverk og starfsreglur nemendaverndarráðs.....	57

Nemendaverndarráð 2022 - 2023	57
Talþjálfun	58
Sjúkrakennsla	58
Atvinnutengt nám	58
Túlkapjónusta	58
Hlutverk og viðfangsefni sérfræðipjónustu gagnvart nemendum í grunnskólum	58
Mikill sveigjanleiki – hátt ánægjustig	58
Samstarf við þjónustumiðstöð	59
Sálfræðipjónusta - greiningavinna	59
Heildaráætlun um stuðning.....	59
Sérúrræði – reglugerðir	60
Skólaheilsugæsla – hlutverk og þjónusta við nemendur.....	60
Náms- og starfsráðgjöf	60
Þroskaþjálfni	60
Samstarf við aðrar stofnanir.....	61
Samstarf við önnur skólastig og grenndarsamfélagið	61
Samstarf við leikskóla	61
Samstarf við vinnustaði	61
Tengsl við framhaldsskóla	61
Fjarnámsáfangar.....	61
Stærðfræðikeppnin í MR	62
Heimsóknir 10. bekkinga í framhaldsskóla; fræðsla um menntun og störf	62
Við förum gjarnan með nemendur út úr húsi í hinar ýmsu heimsóknir.....	62
Gestir fá talsvert svigrúm í skólastarfinu.....	62
Roskilde Lille Skole í Danmörku er vinaskóli Tjarnarskóla.....	63
Ungbarnadagarnir „Hugsað um barn“	63
Ýmsar áætlanir og fleiri þættir er lúta að öryggi og velferð	64
Áætlun um öryggis- og slysavarnir	64
Áætlun um aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi.....	64
Áætlun um áfengis- og fikivarnir	64
Áætlun um jafnrétti og mannréttindi.....	64
Áætlun um innra mat á árangri og gæðum.....	64
Umhverfisáætlun - stefna.....	64
Áætlun um öryggis- og slysavarnir - rýmingaráætlun	64

Starfsáætlun Tjarnarskóla 2022 – 2023

Áfallaráð – áfallaáætlun	65
Viðbragðsáætlun Almannaþingarinnar.....	65
Viðbrögð við óveðri	65
Frístundastarfsemi.....	65
Samstarf við félagsmiðstöð	65
Að lokum:	66



Tjarnarskóli

Tjarnarskóli var stofnaður 1985 og er til húsa í hjarta Reykjavíkur, að Lækjargötu 14b, 101 Reykjavík. Í skólanum eru nemendur í 8., 9. og 10. bekk í þremur bekkjardeildum. Skólinn er rekinn sem einkahlutafélag. Skólaárið 2022 – 2023 er 38. starfsár skólans.

Stefna skólans

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannrækt. Við viljum hvetja og styrkja nemendur okkar á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Við byggjum á styrkleika hvers og eins og viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Nemendur okkar læra öguð vinnubrögð, samvinnu og samábyrgð og áhersla er lögð á góða hegðun, kurteisi og háttvísi. Áhersla er lögð á að nemendur leggi góðan grunn að því að verða færir um að taka góðar ákvarðanir. Gott samstarf, á milli allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi nemenda okkar, er okkur mikilvægt. Mikil áhersla er lögð á góða samvinnu við foreldra um sem flesta þá þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólastarfinu. Við leggjum áherslu á gott upplýsingastreymi og jákvætt viðmót. Kennarar skipuleggja námsvinnu nemenda í samræmi við þá stöðu sem þeir eru í hverju sinni og kappkostað er við að sinna einstaklingnum sem best en um leið virkja félagsfærni og félagsþroska.

Einkunnarorð okkar eru: „Allir eru einstakir“ og „Lítill skóli með stórt hjarta“.



Allir eru einstakir

Markmið – áherslur - leiðarljós

Líðan nemenda og starfsfólks

- Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og upplifi jákvætt viðmót.
- Jákvætt og hvetjandi andrúmsloft sem er um leið uppbyggilegt og hrósandi.
- Mannrækt í sem víðasta skilningi.

Góð grunnenntun – einstaklingsmiðað nám

- Góð grunnenntun og undirbúningur fyrir lífið og tilveruna.
- Sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur temji sér góðar námsvenjur.
- Nemendur fái viðfangsefni sem þjálfar allar tegundir greindar (fjölgreind) og úrvinnslu.
- Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur.
- Vera fundvís á styrkleika einstaklinga.
- Styrkja einstaklinginn sem manneskju á faglegan hátt.
- Skipulagning skólastarfsins taki ávallt mið af því að einstaklingurinn sé í fyrirrúmi.

Mannrækt

- Samvinna/samhjálp nemenda – samvinna árganga.
- Samábyrgð nemenda og verkaskipting.
- Góð hegðun, samfélagsfærni, háttvísi og kurteisi, hvar sem nemendur koma fram á vegum skólans.
- Þjálfun í jákvæðum samskiptum.
- Heilbrigðir lífshættir.
- Jafnrétti og leiðir til að ná því markmiði í víðasta skilningi.

Námsumhverfi

- Rólegt/áreitalítið námsumhverfi.
- Góður ytri aðbúnaður og öryggi.


Samstarf

- Gott samstarf; milli skóla og heimilis.
- kennara og nemenda.
- innan kennarahópsins.
- nemenda og foreldra.
- nærumhverfið.
- nemendur og kennara annarra þjóða.
-



Stjórnkerfi – skipurit

Eins og allir grunnskólar landsins lýtur Tjarnarskóli yfirstjórn Mennta- og menningarráðuneytis og starfar undir eftirliti Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Skólinn er rekinn sem einkahlutafélag.



Skólaráð



Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald og skal slíkt ráð starfa við hvern grunnskóla. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans. Ráðið fjallar m.a. um eftirfarandi málefni:

- Skólanámskrá skólans
- Árlega starfsáætlun

Þegar fyrirhugaðar eru miklar breytingar á skólalaldi sendir skólaráð frá sér umsögn um málið áður en endanleg ákvörðun er tekin. Skólaráð hefur það hlutverk einnig að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Ráðið er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, þessir aðilar eru:

- Tveir fulltrúar kennara
- Einn fulltrúi annars starfsfólks viðkomandi skóla
- Tveir fulltrúar nemenda
- Tveir fulltrúar foreldra
- Skólastjóri
- Einn aðili úr grenndarsamfélagi skólans

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess, auk þess ber honum að boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags skólans a.m.k. einu sinni á ári. Skólaráðið stendur einnig fyrir a.m.k. einum „opnum fundi“ á hverju skólaári. Á þessum fundum eru kallaðir til fyrirlesarar, rætt um innra skólastarf, leitað eftir hugmyndum eða hvers kyns tillögum um hvernig við getum gert gott skólastaf enn betra.



Skólaráð 2022 – 2023

Samkvæmt grunnskólalögum er skipað skólaráð við skólann ár hvert. Í skólaráði 2021 – 2022 eru:

Skólastjóri:	Margrét Theodórsdóttir, tjarnarskoli@tjarnarskoli.is ,
Fulltrúar nemenda:	Þórhildur Katrín Pálsdóttir, thorhildur@tjarnarskoli.is Hrói Guðbjörnsson, hroi@tjarnarskoli.is
Fulltrúar kennara:	Birna Dís Björnsdóttir, birna@tjarnarskoli.is Helga Júlía Vilhjálmsson, helga.julia@tjarnarskoli.is
Fulltrúar foreldra:	Anna Ólafsdóttir, annaolaf@gmail.com Jóna Björg Ólafsdóttir, bjogga79@gmail.com
Fulltrúi annars starfsfólks:	Kristín Rós Egilsdóttir, ritari, tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Fulltrúi grenndarsamfélags:	Rosalie Rut Sigrúnardóttir, solrosa45@gmail.com

Kynning og starfsreglur skólaráðs

Skólaráðið

Skólaráð hefur starfað við skólann frá haustinu 2009 samkvæmt grunnskólalögum. Ráðið hefur hist að jafnaði 3 – 4 sinnum á ári og hefur verið góður vettvangur fyrir umræðu um skólastarfið og velferð nemenda.

Reglur um kosningu nemenda

Nemendur skólans bjuggu til reglur haustið 2011 um með hvaða hætti skyldi kjósa um fulltrúa í skólaráð á hverju skólaári. Níundubekkingar hófu umræðuna og komu með tillögur sem voru samþykktar í bekknum eftir mjög málefnalegar umræður. Síðan voru þær tillögur bornar upp í 10. bekk og 8. bekk. Niðurstaðan var sú að allir nemendur samþykktu tillögurnar, nema einn, sem gerði grein fyrir atkvæði sínu.

Framkvæmd kosninga var ákveðin þannig:

- Í byrjun hvers skólaárs er 9. bekkjum boðið að gefa kost á sér í skólaráð.
- Áður en gengið er til kosninga þá kynna frambjóðendur sig í öllum bekkjum.
- Síðan er atkvæðagreiðsla. Sá sem hlýtur flest atkvæði verður fulltrúi nemenda til tveggja ára. Sá nemandi sem hlýtur næst flest atkvæði verður varamaður í ráðinu.
- Ef einungis einn nemandi býður sig fram er hann sjálfkjörinn.

Reglur um kosningu foreldra

Foreldrar skólans bjuggu til reglur haustið 2013 um kosningu í skólaráðið. Eftirfarandi i tillaga var samþykkt af foreldrum skólans um val fulltrúa foreldra í skólaráð:

- Að einn fulltrúi sé kosinn á hverju ári úr hópi 9. bekkjar foreldra – til tveggja ára.
- Ef enginn gefur kost á sér á hefðbundnum haustfundum með foreldrum sé leitað til foreldrafulltrúa í foreldraráðinu.
- Ef fulltrúi foreldra sem hefur verið kosinn til tveggja ára er ekki lengur í foreldrahópnum (ef nemandinn hættir í skólanum), þá er leitað til foreldrahópsins í 10. bekk og óskað eftir að einhver úr þeirra röðum gefi kost á sér.
- Ef enginn gefur kost á sér er á ný leitað til fulltrúa foreldra í foreldraráðinu um setu til eins árs.

Fundargerðir skólaráðsins má nálgast á heimasíðu skólans: <https://tjarnarskoli.is/page/skolarad-2013-2014>

Verkefnaskrá skólaráðs

Á hverju ári er farið yfir hlutverk skólaráðsins á fyrsta fundi ráðsins. Hér fyrir neðan eru helstu verkefni ráðsins frá upphafi:

a) Árviss verkefni:

- Farið yfir reglugerðir um skólaráð og hlutverk ráðsins.
- Starfsáætlun og skóladagatal skólaráðs.
- Nemendaráði boðið á einn fund á hverju ári.
- Skólaráðið heldur einn svo nefndan „opinn fund“ á hverju skólaári.

b) Önnur viðfangsefni.

- Tekið fyrir nestisfyrirkomulag í skólanum.
- Samþykkt tillaga um breytingu á tímasetningu fyrstu kennslustunda á morgnana (samþykkt breyting).
- Umræða um eflingu félagslífsins í skólanum.
- Haldinn hugarflæðisfundur um betra skólastarf og hugmyndir ræddar um hvernig halda átti upp á 25 ára afmæli skólans 2010-2011.
- Endurskoðun á skólareglum Tjarnarskóla.

- Skipulögð samverustund og leikhúsfærð nemenda og foreldra af hálfu skólaráðsins (útfærsla á opnum fundi).
- Áhættumat, öryggismál, eldvarnir.
- Tjarnarskólapeysur; stungið var upp á að efna til samkeppni um útfærslu á peysum. Framkvæmt.
- Útskriftarhátíð 10. bekkjar fjölskyldna í kjölfar skólaslita. Tillaga kom fram í ráðinu og fyrsta hátíðin haldin vorið 2013 og hefur verið árviss síðan.
- Umfjöllun um heildarmat sem Skóla – og frístundasvið vann á haustmisseri 2012.
- Umfjöllun um viðbrögð gegn einelti í skólanum.
- Úrvinnslufundur í kjölfar heildarmats; hugarfæðisfundur. Á honum komu fram margar hugmyndir sem hafa verið framkvæmdar.
- Kynning á umbótaáætlun í kjölfar heildarmats.
- Fræðslufundur á vordögum 2014 fyrir foreldra og nemendur um nútíma samskiptatækni. Í kjölfarið voru umræður í hópum þar sem rætt var um inntak fyrirlesturs og stungið upp á reglum um notkun samskiptatækja í skólanum og samskiptum almennt.
- Aðkoma ráðsins að undirbúningi 30 ára afmæli skólans, veturinn 2014-2015.
- Opinn fundur undir yfirskriftinni „Við viljum kynnast þér betur“ þar sem nemendur og foreldrar í hverjum bekk hittust og ræddu um með hvaða hætti mætti efla samskipti, kynni, tengsl við skólann og starfsmenn hans, samskipti með notkun tækninnar, aukna þátttöku skólans í alþjóðaverkefnum, velferð nemenda og með hvaða hætti væri hægt að gera gott skólastarf enn betra.
- Kastljósi beint að grenndarsamfélaginu og nánasta umhverfi skólans.
- Rætt um ósk nemenda um að fá að vera inni í úlpum og fá frjálstan netaðgang fyrir nemendur og hafa strangari reglur varðandi hátalarana. Tillaga um að hátalarasnúran fylgi fjarstýringu á skjávarpa samþykkt. Hugmynd um að hafa einar frímínútur í viku þar sem einhver tekur að sér að vera DJ.
- Rætt um símareglur.
- Setja upp klukku í íþróttasalnum í Kvennó og bjóða upp á að setja símann í körfu.
- Tengsl við grenndarsamfélagið – hugmynd kom fram um að fara á borgarstjórnarfund og heimsækja Alþingi, nýta Hafnarumhverfið og fá gesti úr nærsamfélaginu.
- Opinn fundur vorið 2016 þar sem foreldrar í 10. bekk miðluðu af reynslu sinni til 9. bekkjar foreldra fyrir komandi skólaár um hvernig gott væri að leggja 10. bekkjum lið í fjáröflun, skipulagi kveðjustundar að vori og komu fleiri hagnýtum upplýsingum á framfæri. Foreldrar í 8. bekk og 8. bekkjar unnu hugmyndabanka um hvernig nýta megi grenndarsamfélagið og styrkt tengingu við það enn frekar. Níundu bekkjar seldu kaffiveitingar í fjáröflunarskyni við þetta tækifæri. Þessi fundur tókst afar vel.
- Rætt um erindi frá Umboðsmanni Alþingis og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem var beint til skólaráða að fjalla um notkun snjalltækja í skólanum.
- Fjallað um þátttöku foreldra í skólastarfinu og fyrirkomulag foreldrastarfsins.
- Opinn fundur vorið 2017. Foreldrar hlustuðu á fyrirlestur þeirra Magnúsar Stef. og Davíðs Þórs sem tengdist uppeldistengdum málefnum, gildum, hefðum og venjum og hvernig við getum styrkt unglíngana okkar í lífsins ólgusjó. Einnig um skaðleg áhrif ýmissa efna s.s. kannabis. Sínd voru helstu einkenni fíkniefnaneyslu og hvernig gott er að bregðast við ef grunur um neyslu kemur upp. Þeir félagar fullyrtu að upplýstir og meðvitaðir foreldrar séu besta forvörnin. Á opna fundinum miðluðu nemendur 10. bekkja upplýsingum til 9. bekkjar nemenda um hvað hefði reynst vel í að skipuleggja árshátíð, árlegt kennaragrín og fjáröflun. Foreldrar 10. bekkja miðluðu einnig af reynslu sinn til foreldra 9. bekkja um um hvernig

gott væri að leggja 10. bekkjum lið í fjáröflun, skipulagi kveðjustundar eftir útskrift og koma fleiri hagnýtum upplýsingum á framfæri. Foreldrar í 8. bekk og 8. bekkjar fengu það verkefni að ræða hugmyndir að reglum um símanotkun í skólanum og hvernig best sé að standa að þeim.

- Fjallað um tæknimál í skólanum, tölvukaup og hvaða stefnu skuli taka í þeim málum.
- Umræða um ný persónuverndarlög og tryggingamál.
- Rætt um móttöku Dana og ferð 10. bekkjar til Danmerkur.
- Stundataflan og frímínútur. Hugmyndir um að sleppa einhverjum 5 mínútna frímínútum á næsta ári.
- Hugað að því hvernig við getum gert skólann umhverfsvænni en sérfræðingum á því sviði er í skólaráðinu.
- Starfsáætlun 2018-2019. Farið yfir skóladagatalið. Fulltrúum í nemendaráði boðið á fundinn. Skóladagatal samþykkt.
- Opinn fundur vorið 2018. Bjartur Guðmundsson, leikari og árangursþjálfari, kom með fyrirlesturinn Óstöðvandi sjálfstraust og flutti fyrir foreldra. Nemendur í 10. bekk sögðu frá Danmerkurferð og foreldrar í 10. bekk sögðu frá reynslu sinni af fjáröflun Danmerkurferðar og undirbúningi útskriftarhátíðar sem þeir undirbúa. Nemendur í 9. bekk seldu veitingar sem fyrsta skref í fjáröflun fyrir Danmerkurferð næsta vetur.
- Fundir skólaárið 2018 – 2019 þar sem farið var yfir umhverfismál í skólanum, átak á því sviði og mikil fræðsla
- Farið yfir öryggismál og skólareglurnar.
- Fundur um skóladagatal 2019-2020. Á þann fund buðum við nemendaráði að vera með okkur.
- Fundur um skóladagatal 2020 – 2021. Á þann fund buðum við nemendaráði að vera með okkur.
- Vegna covidástands þurfti að fella niður fundi skólaárið 2019 – 2020, þar á meðal opinn fund skólaráðs.
- Farið yfir skóladagatal 2021 – 2022 á fundi þar sem nemendaráði var boðið að vera þátttakandi.
- Vegna covidfaraldurs var starf skólaráðs ekki eins og hefðin hefur verið og aftur þurftum við að fella niður „opinn fund“ skólaráðsins.
- Skólaárið 2021-2022 gekk samkvæmt áætlun. Höfðum finan opinn fund þar sem við fengum fyrirlesarann Pálma, körfuboltaþjálfara til að ræða annars vegar við nemendur og hins vegar foreldra um jákvæð samskipti.

c) Önnur mál

Mörg „önnur mál“ hafa verið tekin fyrir sem lesa má nánar um í fundargerðum á heimasíðunni.

Sjá: <http://tjarnarskoli.is/page/skolarad-2013-2014>

Verkefnaskrá skólaráðs 2022 - 2023

Skólaráð 2022 – 2023 hefur ekki komið saman til þess að gera verkefnaskrá vetrarins (skrifað í september 2022) en hefðbundin verkefni eru eins og fram kemur í inngangi kaflans. Fyrsti fundur ráðsins er fyrirhugaður í október.

Starfsfólk skólans skólaárið 2022 - 2023



Birna Dís Björnsdóttir	danska, valgreinar, umsjónarkennari, fjármálafræðsla, tæknimennt o.fl.	birna@tjarnarskoli.is
Hanna Ólafsdóttir	myndlist	hanno@hi.is
Hanna Margrét Einarsdóttir	leirlist	hmargret@hi.is
Heiða L. Gröndal	kennari, stuðningur	heida@tjarnarskoli.is
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir	íslenska, umsjónarkennari náttúrufræði, valgreinar	helga.julia@tjarnarskoli.is
Jóhannes Ágúst Sigurjónsson	tónlist	johannesagust@gmail.com
Kristín Rós Egilsdóttir	ritari	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Kristín Inga Guðmundsdóttir	umsjónarkennari, íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, pals-lestur	kristin.inga@tjarnarskoli.is
Kristín Inga Hrafnisdóttir	námsráðgjöf	kringa@sporri.net
Margrét Theodórsdóttir	skólastjórn, húsvarsla, forfallakennsla, umsjón tæknimála og heimasíðu	margret@tjarnarskoli.is
Orri Erlingsson	íþróttir og sund	orrierlingsson@gmail.com
Sigurborg P. Hermannsdóttir	stuðningur, íslenska, samfél.	sigurborg@tjarnarskoli.is
Stefán Andri Gunnarsson	enska, stærðfr., samfélagsgr.	stefan.andri@tjarnarskoli.is
Sylwia M. Henrysson	ræsting	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Úlfur Atlason	forritun	ulfura@ru.is

Á hverjum vetri eru auk þess fleiri valgreinakennarar sem taka að sér tiltekin námskeið.

Hjúkrunarfræðingur skólans er Ásdís Eckardt Garðarsdóttir, asdis.eckardt@heilsugaeslan.is

Starfsmannastefna

Öflugt skólastarf er nátengt hæfu starfsfólki sem axlar ábyrgð og leggur sig fram um að hafa það að leiðarljósi að öllum í Tjarnarskólasamfélaginu líði vel. Það er forsenda þess að ná góðum árangri. Hlutverk skólastjórnanda er að skapa eins góð starfsskilyrði og kostur er á, hlúa að vellíðan hvers og eins og gefa starfsmönnum tækifæri til þess njóta sín í starfi og taka um leið tillit til fjölskyldulífs starfsmanna.

Haft er að leiðarljósi að vinnuandi einkennist af...

- gagnkvæmri virðingu og samheldni.
- skilningi á því að hver og einn er einstakur.
- hvatningu í starfi og frumkvæði.
- krefjandi markmiðum og vilja til að gera ávallt enn betur.
- jafnrétti og lýðræði.
- glaðlegu og jákvæðu viðmóti.
- leit að sóknarfærum og leggja metnað í starfið.
- því að „Tjarnarskólatakturinn“ (skólabragurinn) sé sýnilegur í sem víðasta skilningi.
- vitund um að skólinn er sameiginlegur vinnustaður starfsmanna og nemenda.

Verksvið starfsmanna

Skólastjóri ber ábyrgð á skólastarfinu og rekstri skólans, jafnt faglega sem fjárhagslega. Skólastjóri hefur með mannaforráð í skólanum að gera og sinnir samskiptum við foreldra og aðila utan skólans. Skólastjóri leggur rækt við samskipti við alla aðila í skólanum; nemendur, foreldra og starfsfólk. Hann hefur forgöngu um skipulag náms og kennslu. Eitt af hlutverkum hans er að sinna nemendavernd og vellíðan á vinnustað. Hann hefur einnig umsjón með skólahúsinu, tæknimálum (tölvum) og sér um heimasíðu skólans. Skólastjóri er jafnframt kennari og forfallakennari og starfar samkvæmt lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra grunnskóla. Skólastjóri ber einnig ábyrgð á áhættumati og persónuvernd og tryggir að endurskoðun á hvort tveggja sé unnin. Hann ábyrgist að ytri aðbúnaður sé í góðu horfi og hefur frumkvæði um þær endurbætur sem hugsanlega þurfa að eiga sér stað.

Umsjónarkennarar eru þrír, einn í hverjum árgangi. Þeir hafa heildarumsjón með umsjónarnemendum, eru í persónulegum tengslum við foreldra/forráðamenn nemenda í sínum umsjónarþekki og halda utan um skráningu af ýmsu tagi sem viðkemur umsjónarnemendum og hlúa að persónulegri velferð þeirra. Umsjónarkennarar senda reglulega upplýsingar til foreldra um framgang náms hvers og eins og líðan þeirra í skólanum. Þeir styðja við félagsstarf í þekki, annast skipulag sætaskipunar í samráði við aðra kennara, efla þekki þeirra. Þeir sitja fundi þar sem velferð nemandans er til umræðu, s.s. teymisfundir. Þeir eru jafnframt greinarkennarar.

Aðrir kennarar eru greinarkennarar

Kennarar gegna lykilhlutverki í skólastarfinu. Þeir leggja sig fram um að vera hugmyndaríkir í framsetningu námsefnis, örva nemendur til þess að afla sér þekkingar og leikni á fjölbreytilegum sviðum, temji sér góð vinnubrögð og örva þá til þess að vera skapandi og njóta grunnskólaáranna.

Kennarar hlúa einnig að tilfinninga- og félagsþroska nemenda og stuðla að vellíðan nemenda og góðum samskiptum. Kennarar hafa að leiðarljósi að undirbúa nemendur sem best undir framhaldsskólaárin, lífið og tilveruna og leggja sitt af mörkum til þess að nemendur temji sér góða umgengni í skólanum og virði skólareglurnar. Kennarar stuðla að góðum samskiptum á vinnustað og finna sér farveg til þess að gleðjast saman og njóta þess að vera góðir samverkamenn. Þeir eru vakandi yfir tækifærum til endurmenntunar og sækja námskeið á hverju ári til þess að styrkja sig í starfi.

Stoðkennari kynnir sér stöðu þeirra nemenda sem þurfa á stuðningi að halda og vinnur með kennarahópnum að því að bæta hag þeirra nemenda eins og kostur er. Hann sinnir sérþörfum og heldur utan um skráningar og einstaklingsáætlanir í samræmi við sérstöðu hvers og eins. Hann situr jafnframt í nemendaverndarráði skólans. Hann leggur sig fram um að vinna með hverjum greinakennara að góðum framgangi hvers og eins sem þarf á stuðningi hans að halda. Hann hefur einnig samskipti við foreldra/forráðamenn og situr gjarnar skilafundi/teymisfundi sem haldnir eru vegna nemenda.

Ritari skólans sér um allan daglegan rekstur, sér um almennt skrifstofuhald, fjármál, launaútreikninga, bókhald og mikinn hluta af upplýsingateymi frá skólanum. Hann stjórnar einnig aðföngum og innkaupum á rekstrarvörum og kennslugögnum og sér um matarmál nemenda og kennara í skólanum. Hann heldur utan um gögn og er kennurum innan handar við að útbúa kennslugögn, s.s. ljósritun og fleira í þeim dúr. Hann aðstoðar við skipulagningu nemendaferðalaga, vettvangsferða, heimsókna og þess háttar. Hann er jafnframt hægri hönd skólastjórans í daglegu starfi.

Ræsting. Einn starfsmaður sér um **daglega ræstingu**. Ræsting fer fram í samræmi við kjarasamninga hverju sinni.

Skólahjúkrunarfræðingur. Skólinn nýtur starfskrafta **skólahjúkrunarfræðings** frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um störf skólahjúkrunarfræðings. Hann kemur að öllu jöfnu á **föstudögum frá kl. 9.00 – 12.00**. Ef mikið liggur við er hægt að ná í hann á öðrum tímum.

Námsráðgjafi. Námsráðgjafi kemur í skólann í samráði við skólastjóra og kennara. Hann hefur ekki fasta viðveru þar sem nemendur í skólanum eru að öllu jöfnu milli 50 og 60. Hann starfar í samræmi við almenna verklýsingu námsráðgjafa, lög og reglugerðir.

Ábyrgð og skyldur starfsmanna

Kennari sem ráðinn er til starfa við skólann skal gegna því starfi samkvæmt lögum, reglugerðum, Aðalnámskrá grunnskóla, erindisbréfi og kjarasamningum. Kennarar starfa eftir erindisbréfi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra grunnskóla. Skólastjóri starfar samkvæmt lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra grunnskóla.

Allir starfsmenn skólans undirrita yfirlýsingu um þagnarskyldu í starfi við ráðningu. Þegar starfsmaður sem sinnir samskiptum við nemendur er ráðinn er fengið leyfi til þess að fá upplýsingar um viðkomandi hjá Sakaskrá.

Trúnaðarmenn

Á hverju ári kjósa starfsmenn sér trúnaðarmann úr sínum röðum. Trúnaðarmaður er Helga Júlía Vilhjálmsdóttir.

Öryggismál. Unnið hefur verið svo nefnt *áhættumat* sem er yfirfarið af starfsmönnum á hverju ári. Skólastjóri ber ábyrgð á öryggismálum í skólanum.

Persónuvernd. Skólinn hefur unnið persónuverndarstefnu skólans og þess er gætt að skólastarfið sé í samræmi við persónuverndarlög.

Nýir starfsmenn

Kennarahópurinn í Tjarnarskóla er fámennur en þéttur starfshópur. Lítil starfsmannavelta hefur verið í gegnum árin en það liggur í eðli allra vinnustaða að einhverjar breytingar eiga sér stað. Þegar nýr starfsmaður bætist í hópinn leggjum við okkur fram um að taka vel á móti honum.

Þegar umsækjandi kemur í atvinnuviðtal er gengið með honum um skólabygginguna. Í ráðningaferlinu fær starfsmaðurinn upplýsingar um launakjör og starfshlutfall. Einnig er honum bent á að kynna sér Starfsáætlun skólaársins fram undan og sjálfsmatskýrslur til þess að átta sig betur á þeim starfsanda sem ríkir í skólanum. Hann fær einnig að sjá þá starfsaðstöðu sem honum er boðið upp á.

Þegar ráðning hefur átt sér stað fær starfsmaðurinn hagnýtar upplýsingar s.s. um munaskápa, mataraðstöðu, snyrtingu og fleira af því taginu. Starfsmaðurinn fær einnig upplýsingar um áhættumat vinnustaðarins, eineltisáætlun og þjónustu Vinnuverndar en gerður hefur verið samningur við Vinnuvernd um þjónustu sem lýtur að vellíðan á vinnustað. Vinnuvernd hefur lagt fyrir könnun meðal starfsmanna í Tjarnarskóla og niðurstöður eru aðgengilegar starfsmönnum skólans. Skólastjóri hefur einnig útbúið rafrænar kannanir um vellíðan á vinnustaðnum.

Í upphafi skólaárs er einnig farið yfir rýmisáætlun með kennurum skólans.

Skólastjóri gerir sér far um að styðja við starfsmanninn á fyrstu vikum vinnuferils, hvetja hann til þess að spyrja og svara spurningum um það sem honum kann að liggja á hjarta. Hann hvetur samstarfsfólk til þess að sýna nýja starfsmanninum hlýtt viðmót og stuðning í því að stíga sín fyrstu skref og deila með honum jafn óðum hvaða taktur er ríkjandi í skólanum.

Símenntun – starfsþróun

Hver starfsmaður á þess kost að eflast í starfi. Hann sækir námskeið og nýtir tækifæri til þess að bæta við færni sína og þekkingu í því skyni að þróa starfsgetu sína og færni í starfi. Skólastjóri styður við þennan þátt með því að hliðra til, eftir því sem kostur er, til að auðvelda starfsmönnum að sækja námskeið eða taka þátt í uppbyggjandi viðfangsefnum í þeim tilgangi að bæta við færni sína og þekkingu.



Starfspróunaráætlun Tjarnarskóla 2022 – 2023

Í Tjarnarskóla eru á milli 50 og 60 nemendur á hverju ári. Á launaskrá eru sex kennarar í fullu starfi auk skólastjóra.

Aðrir kennarar (6 - 8 einstaklingar) eru í lágu starfshlutfalli og eru þar af leiðandi stundakennarar/verktakar; s.s. sérgreinakennarar og íþróttakennari sem kenna allt frá einni stund – til fjögurra stunda á viku. Þeir kennarar sem eru ekki í fullu starfi eru í aðalstarfi á öðrum vinnustað þannig að þeirra starfsþróun er nátengdari þeim vinnustað en Tjarnarskóla. Námsráðgjafi kemur auk þess til okkar eftir samkomulagi. Allir kennarar eru allir með kennsluréttindi, utan einn sem kemur að tónlistarfræðslu. Ræstingaraðili er í 20% starfi hér í skólanum.

Áhugasamir kennarar

Í skólanum er einvala lið starfsmanna. Góður vinnuandi ríkir og samvinna. Allir aðalstarfsmenn skólans rúmast við sama vinnuborðið á kennarastofunni og þar fara fram líflegar umræður um skólamál og það sem er á döfinni í skólastarfi/skólastarfinu. Kennarar eru fundvísir á það sem getur kryddað námsvinnu og eru duglegir að fá gesti og fara með nemendur í heimsóknir og vettvangsferðir. Með þeim hætti eru þeir og nemendur alltaf að safna í reynslupokann, fræðast og eflast.

Að jafnaði mætir kennari í eitt starfsviðtal á ári. Í því viðtali fer m.a. fram umræða um endurmenntun viðkomandi kennara/starfsmanns. Í því viðtali fer m.a. fram umræða um endurmenntun.

Starfsþróun á sér stað aðallega með eftirfarandi hætti:

- Kennarar fá fræðslu sem boðið er upp á í skólanum, s.s. skyndihjálp, um tölvunotkun, námsvefi, eldvarnir, nýjungar í skólastarfi, persónuvernd og þannig má lengi telja.
- Sækja námskeið utan skóla, sækja starfstengda fundi, bæði á Íslandi og á erlendri grundu og eru þátttakendur í gagnkvæmum heimsóknum í tengslum við vinaskólann okkar í Danmörku; Roskilde lille skole. Þeir hafa farið á námskeið, s.s. hjá endurmenntun Háskóla Íslands og ýmislegt fleira í takt við tímann.
- Hafa tekið þátt í þremur Evrópuverkefnum. Þá áttum við samskipti við kennara og skólastjórnendur í Bretlandi, Spáni, Ítalíu, Grikklandi og Slóveníu.
- Kennarar hafa auk þess farið í kynnisferðir til Finnlands og Póllands í tengslum við þessi verkefni og hafa auk þess heimsótt skóla í Bretlandi.
- Kennarar kynnast mörgu nýstárlegu í tengslum við skólastarfið sjálft í sem fjölbreyttastri mynd, heimsóknum og fyrirlestrum.

Þeir eru vakandi fyrir nýjungum og eru kappsamir við að fara nýjar leiðir í skólastarfinu og fylgjast vel með þróun mála í sínu fagi.

Óskir og samráð

Skólastjóri veur gjarnan athygli kennara á námskeiðstilboðum sem berast skóla. Ef kennari óskar eftir að taka þátt á skólatíma er hliðrað til svo kennarinn geti farið á námskeiðið ef svo ber undir. Við höfum ávallt sýnt mikinn sveigjanleika við þannig aðstæður.

Áætlun skólaárið 2022 – 2023

Í kjölfar covitfaraldurs hafa möguleikar á fjarfundum aukist. Kennarar hafa fagnað því og eru tilbúnari að sækja fræðslu með þeim hætti. Á síðustu tveimur árum má sjá að kennarar hafa ekki sótt eins mörg námskeið og við eðlilegar aðstæður, skiljanlega. Nú má búast við að kennarar sæki aftur í sig veðrið á þessum vettvangi.

Sum námskeið eru endurtekin með vissu millibili s.s. skyndihjálparnámskeið og námskeið sem lúta að öryggi, önnur eru hluti af skólaþróun í víðasta skilningi.

Dæmi um námskeið:

Skyndihjálp, eldvarnir, Námsvefurinn Námfús, árleg samskipti við danska samstarfsaðila í Roskilde lille skole, innleiðing persónuverndarlaga, námskeið um notkun Chrome book tölva, umhverfisátak; sérfræðingur fenginn til liðs við okkur, alls konar fyrirlestrar, heimsóknir í aðra skóla og stofnanir. Fyrirlestrar á vegum Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga. Fyrirlestrar á vegum SSSK, árleg ráðstefna og fleiri fyrirlestrar á þeirra vegum eru á dagskrá vetrarins.

Meginmarkmið vetrarins er að vera vakandi fyrir góðum námstilboðum sem henta okkar skólastarfi. Um er að ræða námskeið sem tengjast vellíðan og öðru því sem styrkja kennara við að efla hugrekki nemenda, sjálfstraust og góð samskipti. Lestraráttak er í sífelldri vinnslu og vellíðan nemenda og starfsfólks er ávallt í brennidepli.

Yfirlit:

Námskeið	Kennari/kennarar
Námskeið fyrir forvarnateymi grunnskóla	Kennarar
Litteratur og læsning	Kennari
Frammistöðukvíði – Helgi Héðinsson, sálfræðingur	Kennari
Næringin skapar meistarann – Elísa Viðarsdóttir	Kennari
Tökum samtalið / Klám er ekki kynfræðsla	Kennarar
Með gleðina að leiðarljósi – skólaþróun – zoom námsk.	Kennari
Stafræn gróska - KHÍ	Kennari
Kynfræðsla fyrir börn á öllum aldri	Kennari
Núvitund, spænska	Kennari
Endurgjöf – HÍ, mixtúra	Kennari
Ferlisritun og ritun í Google, HÍ, mixtúra	Kennari
Fjármálalæsi – Opni háskólinn - vefnámskeið	Kennari
Málþing um seiglu, svefn, skjánotkun og samfélag barna	Kennari
Skipulag stærðfræðikennslu á unglingastigi	Kennari
Stærðfæðileiðtoginn - unglingastig	Kennari
Fyrirlestur um ADHD	Kennarar
Fyrirlestur um persónuvernd	Kennari
Fyrirlestrar á vegum SSSK	Kennari
Heimsókn í aðra grunnskóla	Kennarar
Forvarnafyrirlestur Pálmars Ragnarssonar	Kennarar
Réttindanáms í Logos	Kennari
Réttindanáms í sérkennslu	Kennari
Námskeið í prófagerð	Kennari

Eflaust eiga fleiri námskeið eftir að bætast við samkvæmt áhuga hvers og eins þar sem endurmenntun er sífellt ferli en eins og fram hefur komið og miðað við aðstæður hverju sinni.

Kostnaður vegna námskeiða/endurmenntunar

Starfsmenn geta sótt um styrki til stéttarfélags.

Tjarnarskóli ehf greiðir í mörgum tilfellum námskeiðsgjald fyrir starfsmenn eða stendur fyrir fræðslu innan skólans.

Mat og eftirfylgni

Á samnýttu Google drifi skrá kennarar þau námskeið og fræðslu sem þeir verða sér út um á skólaárinu.

Kennarar deila einnig upplýsingum um endurmenntun á kennarafundum og kynna þau atriði sem þeir telja að geti nýst öðrum kennurum og starfinu í skólanum.

Skólastjóri ræðir einnig við hvern kennara um þennan þátt í starfsviðtölum og fær óskir og kannar væntingar hvers kennara um hvað þeir hyggjast skrá sig í á komandi starfsári.

Ef um er að ræða réttindanám afhenda kennarar skjal því til staðfestingar.

Starfsmannaviðtöl

Gengið er út frá því að hver starfsmaður fái a.m.k. eitt starfsmannaviðtal á ári. Í þeim viðtölum er farið yfir helstu verkþætti starfsmannsins, honum gefið tækifæri til þess að segja frá líðan á vinnustað, koma með óskir um breytingar og setja sér eigin markmið sem eru síðan skoðuð í næsta viðtali. Skólastjóri fer einnig yfir væntingar sínar og frammistöðu starfsmannsins á uppbyggilegan hátt og fær hvatningu í starfi. Starfsmaðurinn er hvattur til að setja sér markmið og að nýta sér tækifæri til að þroskast í starfinu. Í starfsmannaviðtölum er einnig rætt um starfsanda og hvað hægt er að gera til þess að bæta hann og efla þá tilfinningu að allir séu að ganga í svo nefndum „Tjarnarskólatakti“ sem hefur verið skilgreindur sérstaklega um starfsanda og menningu í skólalastarfinu. Skólastjóri skráir niður helstu þætti sem ræddir eru í viðtalinu. Starfsmaðurinn fær eintak í kjölfar viðtalsins og getur komið með athugasemdir eða ábendingar ef þess er óskað.


Vellíðan á vinnustað. Gerður var samningur við Vinnuvernd ehf til þess að styðja við vellíðan starfsmanna á vinnustað. Í samningnum felst að starfsmenn fái fræðslu af ýmsu tagi s.s. skyndihjálpi, fræðslu um líkamsbeitingu, aðgang að vinnusálfræðingi og fl. Þessi samningur var gerður í kjölfar útboðs þeirra skóla sem starfa innan Samtaka sjálfstæðra skóla.

Mannréttindi og jafnrétti er skjal í skólanámskrá þar sem stefna skólans varðandi vellíðan starfsmanna er lýst s.s. viðbrögðum við einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi er lýst og er um leið hluti af starfsmannastefnunni. Hver starfsmaður hefur aðgang að þessari áætlun og er hvattur til að kynna sér hana.

Stjórnandinn við stýrið. Gengið er út frá að skólastjóri beri ábyrgð á velferð starfsmanna á vinnustað og leggi sig fram um að bera hag þeirra fyrir brjósti. Skólastjóri felur starfsmönnum ábyrgð og hefur áhrif á að vinnuandi sé góður og glaðlegur. Upplýsingastreymi þarf að vera gott og hrós á takteinum.

Skólastjóri hvetur til þess að hafa opinskáar umræður um það sem betur má fara og að allir leggi sig fram um að gulltryggja góðan starfsanda.

Starfsbyrjun og starfslok. Skólastjóri og starfsmenn gera með sér ráðningasamning sem tekur gildi við upphaf starfs í skólanum með þeim ákvæðum sem þar koma fram. Hann er uppsegjanlegur á báða bóga samkvæmt kjarasamningum.



Starfsáætlun nemenda

Vikulegur stundafjöldi

Vikulegur kennslutími nemenda í skólanum skal vera að lágmarki 1480 mínútur á viku. Nemendur og foreldrar hafa ávallt aðgang að stundaskrá á vefnum Námfúsi (www.namfus.is). Stundaskrá hvers nemanda tekur breytingum í upphafi hvernar annar í samræmi við þær valgreinar sem hann velur sér eða samkvæmt breyttum forsendum.

Samfelld stundaskrá

Stundaskráin er samfelld hjá öllum nemendum skólans. Kennslulotur eru ýmist 40 eða 60 mínútur. Fyrstu 15 mínútur hvers skóladags eru frjálsestrarmínútur. Nestishlé erum um miðjan morgun, 20 mínútur, einar fimm mínútna frímínútur eru 11.10 og síðan 40 mínútna matarhlé í hádegi. Eftir hádegi höfum við 5 mínútna frímínútur á milli tíma.

Sveigjanleiki innan námssviða

Leitast er við að hafa sveigjanleika innan námssviða á hverjum vetri. Þetta birtist m.a. í skipulögðu starfi s.s. þemadagavinnu, samþættingu námsgreina, valgreinum þvert á árganga, ýmiss konar uppbroti á skólastarfinu og fleira. Kennarahópurinn vinnur þétt saman að því að hafa fjölbreytnina í fyrirrúmi. Á hverjum vetri vinna nemendur margvísleg samvinnuverkefni. Við erum ákaflega stolt af fyrirkomulagi þemadaganna í skólanum. Að öllu jöfnu eru þeir tvisvar á ári, þrjá til fjóra kennsludaga í senn. Við sjáum ótrúlega margt skemmtilegt leysast úr læðingi á þessum dögum því þá eru nemendur í sannkölluðum þjálfunarbúðum í samskiptum, samvinnu, og listrænni sköpunarvinnu. Það er alltaf keppikeflið að allir séu virkir og séu meðvitaðir um að þeirra framlag skipti máli; bæði fyrir þá sem einstaklinga en einnig fyrir samstarfshópinn í heild. Við höfum þróað sérstök matsblöð þar sem

nemendum sjálfum er ætlað að meta hina ýmsu þætti hópstarfsins, s.s. eigið framlag, verkaskiptingu í hópnum, hópstjórn, samvinnu og færni á ýmsum sviðum. Nemendur sjálfir meta gjarnan sína eigin vinnu, en einnig vinnu annarra hópa í þeim tilgangi að gera þá betur meðvitaða um hve miklu máli það skiptir að vera góður þátttakandi í hóp og að samskiptin séu uppbyggjandi. Kennarar leggja að sjálfsögðu sína mælistiku á verkefni af þessu tagi og viðurkenningar eru veittar fyrir góða frammistöðu. Þemadagarnir hafa verið meðal þróunarverkefna skólans.

Margvísleg önnur samvinnuverkefni eru ávallt á döfinni á hverjum vetri í hinum ýmsu námsgreinum og þvert á árganga, s.s. stærðfræðimælingar, samvinnuverkefni í tengslum við þjálfun í tæknimennt, t.d. í notkun á Glogster, Kahoot og Pinterest, útiverkefni í náttúrufræði, glærusýningar í tungumálanámi og samfélagsfræði, ratleikir, myndlistarverkefni, töflureikniverkefni, uppsetning á leikriti, verkefni í kjölfar heimsóknna, fjarnám í framhaldsskólum, grenndarskógarverkefni, verkefnið „reyklaus bekkur“, námskeiðið „Hugsað um barn“, verkefni sem tengjast félagsstarfinu í skólanum, undirbúningur vegna erlendra gesta en við eigum vinaskóla í Danmörku; Roskilde Lille Skole, samvinna í tengslum við hinar ýmsu valgreinar, verkefni sem tengjast Evrópusamstarfi ... og þannig mætti lengi telja. Til marks um margt að því sem við tökum okkur fyrir hendur eru myndir og fréttir úr skólasterfinu sem má sjá á www.tjarnarskoli.is.

Nemendur geta lokið námi á mislöngum tíma

Nemendur í Tjarnarskóla eiga þess kost að ljúka grunnskólanámi einu ári fyrr en fæðingarár þeirra segir til um. Þegar ákvörðun er tekin um slíkt fjallar kennarahópurinn um möguleika nemandans á því að ljúka tilætluðum námsmarkmiðum á styttri tíma en ella. Nemandinn sjálfur og foreldrar ráðgast við umsjónarkennara og síðan eru línurnar lagðar, oftast með þeim hætti að flytjast í 10. bekk, eftir 8. bekk. Allir nemendur sem hafa farið þessa leið hafa staðið sig afar vel og verið sáttir við að fá þetta tækifæri.

Fjarnámsáfangar á framhaldsskólastigi

Á hverjum vetri skráum við nokkra nemendur í fjarnámsáfanga í framhaldsskóla. Undanfarin ár hafa skólarnir FÁ og Verzló boðið upp á fjarnámsáfanga. Með þeim hætti mætum við þörfum og áhuga þeirra sem fara hratt yfir námsefnið og vilja jafnvel flýta fyrir náminu á framhaldsskólastigi. Nemandinn þarf ekki að greiða fyrir áfangana og Tjarnarskóli leggur þeim til námsefnið. Með þessum hætti erum við að koma til móts við þá sem leggja hart að sér í námi og vilja nýta tímann og námshæfileikana sér í hag. Við skólaútskrift fá nemendur skjal frá skólanum þar sem tilgreint er hvaða fjarnámsáföngum þeir hafa lokið, ásamt vitnisburði. Þessum upplýsingum er komið á framfæri þegar nemendur sækja um framhaldsskóla.

Valgreinar og samvinna við Tækniskólann og fleiri aðila

Veturinn 2022-2023 er 200 mínútum varið í valgreinar á stundaskrá nemenda í 8. og 9. bekk, en 5 stundir hjá 10. bekk. Nemendur í 8. og 9. bekk velja sér námskeið að jafnaði þrisvar yfir veturinn, á 1. 2. og 3. önn. Skólaárið 2018 - 2019 hófum við **samvinnu við Tækniskólann** um svo nefnt „grunnskólaval“ en þar býðst 10. bekkjum að sækja fjölbreytt námskeið í þremur lotum en kennslan fer fram á fimmtudögum kl. 15.20 – 17.20. Við höfum einnig fengið aðstöðu fyrir tónlistarsköpun hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur í Tryggvagötu og nemendur sækja **leirlistar- og myndlistartíma í húsnæði Háskóla Íslands í Skipholti**. Við höfum einnig fengið inni í Tækniskólanum fyrir fablabkennslu, þó ekki í vetur, vegna aðstæðna.

Covidástandið hafði áhrif á valgreinarnar skólaárið 2019 – 2020 og 2020 - 2021 en í fyrra birti til.

Skóladagatalið – þrjár annir

Skóladagatal Tjarnarskóla

AGÚST		SEPTEMBER		OKTOBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M	Þráttur verkunarmann	1 F		1 L		1 Þ		1 F	Íshelldagurinn	1 S		1 M	Námisdagur	1 M		1 L		1 M	Íslandsföstudagurinn	1 F	Þráttur
2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F		2 M		2 F	Námisdagur	2 F	Skólabæð	2 S	Íslandsföstudagur	2 Þ		2 F	Þráttur
3 M		3 L		3 M		3 F		3 L		3 Þ	Starfsdagur kennara	3 F	Námisdagur	3 F	Skólabæð	3 M		3 M		3 L	
4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 S		4 F	Stjarnadagurinn
5 F		5 M		5 M		5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M		5 Þ		5 F	Mannadagurinn
6 L		6 Þ	Þráttur meðhöndlun	6 F		6 S		6 Þ		6 F	Íslandsföstudagurinn	6 M	Námisdagur	6 M		6 F	Starfsdagur	6 L		6 Þ	Starfsdagur kennara
7 S		7 M		7 F		7 M	Námisdagur	7 M		7 L		7 Þ	Námisdagur	7 Þ		7 S		7 F	Íslandsföstudagurinn	7 S	Starfsdagur
8 M		8 F	Dagur leikis	8 L		8 M	Námisdagur	8 F		8 S		8 M	Námisdagur	8 M		8 L		8 M		8 Þ	Starfsdagur
9 Þ		9 F		9 S		9 M	Námisdagur	9 F		9 M		9 F		9 F		9 Þ		9 S	Íslandsföstudagurinn	9 Þ	Starfsdagur
10 M		10 L		10 M		10 F	Námisdagur	10 L		10 Þ		10 F		10 F		10 M		10 Þ	Íslandsföstudagurinn	10 M	Starfsdagur
11 F		11 S		11 Þ	Starfsdagur - allir	11 F	Námisdagur	11 S		11 M		11 L	Dagur íslandsföstudagurinn	11 L		11 Þ		11 F		11 S	
12 F		12 M		12 M	Starfsdagur - allir	12 L		12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 Þ		12 F	
13 L		13 Þ		13 F	Starfsdagur - allir	13 S		13 Þ		13 F		13 M	Starfsdagur kennara	13 L	Dagur íslandsföstudagurinn	13 L		13 L		13 Þ	
14 S		14 M		14 F		14 M	Námisdagur	14 M		14 L		14 Þ		14 Þ		14 S		14 S		14 F	
15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	Námisdagur	15 S		15 M		15 M	Dagur íslandsföstudagurinn	15 L		15 L		15 F	
16 Þ		16 F	Dagur íslandsföstudagurinn	16 S		16 M	Dagur íslandsföstudagurinn	16 F	Námisdagur	16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ		16 F	
17 M		17 L		17 M		17 F	Starfsdagur kennara	17 L		17 Þ		17 F	Áherslugið vikulegur	17 F		17 S		17 M		17 L	Íslandsföstudagurinn
18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Íslandsföstudagurinn	18 S	
19 F		19 M		19 L		19 M	Námisdagur	19 L		19 F		19 S	Námisdagur	19 S		19 M		19 Þ	Íslandsföstudagurinn	19 F	Starfsdagur
20 F		20 M		20 F		20 S	Dagur íslandsföstudagurinn	20 Þ	Íslandsföstudagurinn	20 F		20 M	Námisdagur	20 M		20 L		20 M		20 Þ	
21 S	1. önn	21 M		21 Þ	Námisdagur	21 M		21 M		21 L		21 F	Starfsdagur kennara	21 F		21 S		21 M		21 Þ	
22 M	Starfsdagur	22 F		22 L	Fyrsti vikulegur	22 Þ	Áherslugið vikulegur	22 F		22 S		22 M	Námisdagur	22 M		22 L		22 M		22 Þ	
23 Þ		23 F		23 S		23 M	Námisdagur	23 F	Starfsdagur	23 M		23 L	Starfsdagur	23 F		23 S		23 Þ		23 F	
24 M		24 L		24 M	Námisdagur	24 F	Áherslugið vikulegur	24 L	Áherslugið vikulegur	24 Þ		24 F	Námisdagur	24 F		24 S		24 M		24 Þ	
25 F		25 S		25 Þ	Námisdagur	25 F	2. önn	25 S	Námisdagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ		25 M		25 F	
26 F		26 M	Fyrsti vikulegur	26 M		26 L		26 M	Starfsdagur	26 F		26 S		26 S		26 M		26 Þ		26 F	
27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 M		27 M		27 L		27 M		27 Þ	
28 S		28 M		28 F		28 M		28 L		28 Þ		28 F		28 F		28 S		28 M		28 Þ	
29 M		29 L	Starfsdagur - allir	29 L		29 M	Áherslugið vikulegur	29 F		29 S		29 M	Námisdagur	29 L		29 Þ		29 M		29 F	
30 Þ		30 F	Starfsdagur - allir	30 S		30 M		30 F		30 M		30 F	Námisdagur	30 S		30 Þ		30 M		30 F	
31 M		31 M	Starfsdagur	31 M		31 L	Starfsdagur	31 Þ		31 F		31 M	Námisdagur	31 F		31 S		31 M		31 Þ	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólástjórnumur leik- og grunnskóla við að samræma þrjá starfs- og skipulagsdaga til hágræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

Nálgast má skóladagatal 2022 – 2023 á hlekknum [hér](#).

Lögum samkvæmt á skólaárið að telja 180 nemendadaga. Þar af eru svokallaðir sveigjanlegir eða skertir skóladagar tíu talsins. Þeir geta verið óhefðbundnir og jafnvel styttri en venjulegir skóladagar ef svo ber undir. Skóladagar eru 180 á um níu mánuðum. Þar af geta verið 10 dagar með skertri/sveigjanlegri kennslu en þá daga eru nemendur ekki fullan skóladag í skólanum.

Kennsludagar

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- 1.480 mínútur í 8.–10. bekk

Skólástjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við kennara og skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Kennslustundafjöldi nemenda ef kennslustund er 40 mínútur:

- 8. – 10. bekk er hann 37 stundir á viku

Skólaár Tjarnarskóla skiptist í þrjár annir

Í lok hverrar annar fer fram námsmat og stöðumat á ýmsum þáttum skólastarfsins s.s. félagsþáttum, framkomu, stundvísi og ástundun og ýmiss konar færni og hæfni. Nemendur vinna auk þess stöðumat í lok 1. og 2. annar. Það stöðumat er síðan rætt þegar nemendur og foreldrar/forráðamenn hitta umsjónarkennara í kjölfar afhendingar vitnisburðar og umsagna og annars mats á frammistöðu nemandans.

Skóladagar

Skóladagatalið er unnið í samræmi við þær kröfur sem þarf að uppfylla um s.s. skóladaga, fjölda kennsludaga, frí, prófadaga, samræmd próf og fleira, eins og kemur fram á skóladagatali hverju sinni og er samþykkt af Skóla- og frístundasviði ár hvert.

Skólasetningardagur og skólaslitadagur eru skertir dagar.

„Próf á skólatíma“ fela í sér að nemendur mæta í skólann eins og venjulega en taka eitt próf á dag. „Námsmatsdagar“ fela í sér að nemendur mæta fullan skóladag. Á þessum dögum eru ýmsir námsþættir metnir sem ekki falla undir hefðbundin próf/námsmat. Fimm prófdagar eru í lok 3. annar – þá daga koma nemendur einungis í próf.

Þrjú ferðalög á hverjum vetri hafa falið í sér gistingu yfir nótt: Haustferð (ein nótt), skíðaferð (ein nótt) og Danmerkurferð (fimm nætur) – þegar sá kostur er í boði, en þrjú síðastliðin skólaár hafði heimsfaraldur áhrif á að ekki varð af Danmerkurferð. Nú í haust ákváðum við að fara frekar í haustdagsferð sem tókst með miklum ágætum.

Vettvangsferðir

Í Tjarnarskóla líður varla sú vika að nemendur fari ekki út úr húsi í margvíslegum tilgangi. Þeir liðir eru svo fjölbreyttir og margir að þeir rúmast ekki á hefðbundnu skóladagatali. Kennarar eru einnig mjög duglegir að grípa ólík tækifæri sem bjóðast, s.s. sýningar í Norræna húsinu, alls konar söfn, við förum reglulega í Bíó Paradís, heimsækjum vinnustaði, listviðburði, íþróttakynningar..... og þannig má lengi telja.

Foreldraviðtöl

Í lok 1. og 2. annar eru foreldraviðtöl í skólanum. Þá tvo daga fellur niður kennsla. Foreldrar ásamt nemanda eru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara. Hvert viðtal tekur 20 mínútur.



Tilhögun kennslu

Kennsluáætlanir og viðfangsefni á Google Classroom frá skólaárinu 2018 - 2019

Við höfum leitast við að hafa nám nemenda einstaklingsmiðað. Okkar leiðarljós í skólastarfinu er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi. Þegar nemandi hefur skólagöngu í Tjarnarskóla leitast kennarar við að kynnast nemandanum, námslegri stöðu hans og sterkum/veikum hliðum. Góð mannleg samskipti eru ávallt órjúfanlegur hluti af þessu ferli. Til þess að mæta ólíkum einstaklingum sem standa mjög mismunandi að vígi þegar þeir hefja sína Tjarnarskólagöngu leggjum við okkur fram við að finna námsefni við hæfi hvers og eins, allt eftir því hvar viðkomandi er staddur. Hver kennari skipuleggur námið hjá hverjum nemanda og við annarlok tekur nemandinn próf úr því námsefni sem hann hefur komist yfir á önninni (mjög breytilegt eftir einstaklingum). Kennsluáætlanir eru því gjarnan ólíkar eftir einstaklingum sem og námsefnið.

Námsvefurinn Námfús til hliðar við Google Classroom

Í Tjarnarskóla notum við námsvefinn Námfús; www.namfus.is. Nemendur og foreldrar hafa aðgang að margvíslegum upplýsingum s.s. stundaskrá, ástundunarupplýsingum, símaskrá og fá upplýsingar um viðburði í skólastarfi og fleira.

Eftir að Google Classroom var tekið upp í skólastarfinu hefur það reynst okkur viðfangsefni út af fyrir sig að gera verkefni og mat á þeim sýnileg nemendum og foreldrum. Það viðfangsefni hefur verið fyrirhafnarsamt síðast liðin þrjú ár. Kennarar hafa leitað leiða til þess að veita nemendum og foreldrum sem bestar upplýsingar á þessu sviði. Við mjökumst áfram og erum alltaf að leita bestu leiða.

Skólastarfið er skipulagt í samræmi við viðmiðunarstundaskrá og lög um grunnskóla. Í því skólahúsnæði sem skólinn hefur starfað í frá 1987 eru einungis þrjár hefðbundnar kennslustofur, auk tveggja smærri rýma, sem hafa einnig verið nýtt til kennslu. Íþróttakennsla er í húsnæði Kvennaskólans í Reykjavík, í Miðbæjarskólahúsinu við Fríkirkjuveg, sunnið í Sundhöll Reykjavíkur og undanfarin ár höfum við fengið inni hjá Háskóla Íslands fyrir kennslu í leirlist og myndlist. Skólaárið 2018 – 2019 fengum við aðstöðu til smíðakennslu í Suðurhlíðarskóla en þrjú síðast liðin ár hefur okkur ekki tekist að finna smíðakennara í svo lágt starfshlutfall sem við getum boðið upp á. Fyrir fjórum árum gerðum við samning við Tækniskóla Íslands um svo nefnt grunnskólaval fyrir tíundu bekkina okkar. Eftir fyrsta skólaárið gerðum við viðhorfskönnun um þessa nýbreytni. Sú könnun sýndi fram á að nemendur kunnu mjög vel að meta þau tækifæri sem buðust í Tækniskólanum. Því var ákveðið að halda samstarfinu áfram. Eins og kunnugt er voru aðstæður þannig á covid tímum með þeim hætti að ekki var hægt að bjóða upp þann valkost. Nú höfum við tekið aftur upp þráðinn, okkur til mikillar ánægju.

Í skipulagi skólastarfsins er skapandi vinnu nemenda fléttað inn í hinar ýmsu námsgreinar auk þess sem mikil sköpun og hugmyndaauðgi leysist úr læðingi á þemadögum og við gerð rannsóknarverkefna sem nemendur vinna á hverjum vetri. Hér má einnig nefna að við höfum átt afar ánægjuleg samskipti við nemendur og kennara í danska vinaskólanum okkar, Roskilde Lille Skole.

Kennsluáætlanir eftir árgöngum

Einstaklingsmiðuð nám er okkar keppikefli sem felur í sér að skipuleggja nám hvers og eins þar sem Aðalnámskráin er leiðarljósið. Skólaveturinn 2018 – 2019 hófum við vinnu í **Google Classroom** kerfinu til þess að ná markmiðum okkar sem best. Allir nemendur skólans eru með Chrome-Book tölvur til afnota í námsvinnunni. Eftir reynslu síðast liðinna skólaára erum við þess fullviss að Google Classroom umhverfið gefur endalaus tækifæri til að efla skólastarfið og auðga. Við höldum því ótrauð áfram á þeirri braut.

Eins og komið hefur fram þá er nám og kennsla einstaklingsmiðuð en við setjum þó fram heildarviðmið sem er síðan vikið frá eftir hverjum og einum nemanda. Sjá má þær [kennsluáætlanir í hlekkjunum](#) hér á eftir:

8. bekkur

[Íslenska](#)

[Stærðfræði](#)

[Enska](#)

[Danska](#)

[Samfélagsfræði](#)

[Náttúrufræði](#)

[Mannrækt \(lífsleikni\)](#)

9. bekkur

[Íslenska](#)

[Stærðfræði](#)

[Enska](#)

[Danska](#)

[Samfélagsfræði](#)

[Náttúrufræði](#)

[Mannrækt \(kynfræðsla\)](#)

10. bekkur

[Íslenska](#)

[Stærðfræði](#)

[Enska](#)

[Danska](#)

[Samfélagsfræði](#)

[Náttúrufræði](#)

[Fjármálafræðsla](#)

[Menntun og störf \(MEST\)](#)

[Upplýsinga- og tæknimennt](#)

Það verður þó að segjast eins og er að í skipulagi Tjarnarskóla hefur oft vafist fyrir okkur að setja fram námsmarkmiðin heildstætt þar sem einstaklingar fara á ólíkum hraða og eru með mismunandi námsefni. Því hefur verið brugðið á það ráð að gera „almennar“ kennsluáætlanir sem viðmið.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Líkt og í öllu skólastarfi í Tjarnarskóla er lögð áhersla á að koma sem best til móts við þarfir hvers og eins. Leitast er við að finna námsefni við hæfi fyrir þá sem hafa annað móðurmál en íslensku í skólanum, hliðra til og efla íslenskukunnáttu eins og kostur er. Sérkennari leggur þessum nemendum lið líkt og öðrum sem efla þarf á ýmsan máta vegna sérstöðu sinnar.

Heimanám

Skólastarfið er skipulagt með þeim hætti að nemendur eigi helst að geta lokið skólavinnunni í skólanum. Hver kennari skipuleggur nám hvers nemanda í samræmi við hver staða hans er hverju sinni. **Sérstakir námstímar (heimanámstímar) eru á stundaskrá nemenda** þar sem þeir vinna sjálfstætt þau verkefni sem þeim er ætlað að ljúka fyrir tiltekinn tíma. Sá kennari sem er með nemendum hverju sinni skráir það sem hver nemandi vinnur í tímanum og aðstoðar eftir þörfum.



Mat á skólastarfinu

Áætlun um innra mat

Kerfisbundið innra mat fer fram í skólanum og vísun við á **sjálfsmatsskýrslur** undanfarinna ára á heimasíðunni okkar á krækjunni hér fyrir neðan. Á hverju hausti veljum við matsþátt til þess að vinna með yfir veturinn og gerum síðan grein fyrir í sjálfsmatsskýrslu í lok skólaársins. Af ýmsum ástæðum var ekki gerð sjálfsmatsskýrsla í lok síðasta skólaárs.

<http://tjarnarskoli.is/page/sjalfsmat>

Innra mat/sjálfsmat í Tjarnarskóla frá árinu 2008

Kerfisbundið innra mat fer fram í skólanum. Við veljum matsþætti til þess að vinna með yfir veturinn, setjum okkur markmið og ákveðum leiðir. Í lok skólaársins skráum við hvernig til hefur tekist og gerum ýtarlega grein fyrir framvindunni í árlegri sjálfsmatsskýrslu.

Við erum alltaf að læra af reynslunni og viljum svo sannarlega vera í sífelldu umbótaferli í einu og öllu. Sjálfsmatið undanfarin ár hefur styrkt okkur í sjálfsrýninni sem gefur alltaf tilefni til að bæta okkur enn frekar. Það hefur verið bæði ánægjulegt og mikilvægt að leggja mælistikur á skólastarfið. Matsaðferðir eru vel til þess fallnar að varpa ljósi á hvernig til tekst frá ári til árs og eru hvati til þess að setja okkur góð markmið.

Fyrsti fimm ára sjálfsmatsramminn 2008 - 2013

Við höfum stuðst við svo nefndan „fimm ára sjálfsmatsramma“ til þess að stýra forgangsröðun verkefnanna á ári hverju. Um er að ræða ramma sem er ætlað að tryggja að sem flestir þættir skólastarfsins verði undir smásjóni á tilteknu tímabili. Ramminn tiltekur 11 meginþætti viðfangsefna:

Fimm ára sjálfsmatsrammi 2008 - 2013	
Skólanámskrá – skipulag, stefna og markmið	Nám – námsmat - námsárangur
Líðan nemenda, þarfir, starfsandi, samstarf	Kennsla, starfsþróun og fagmennska
Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf	Stjórnun
Viðmót og menning skóla	Ytir tengsl – samfélag. Ráðstöfum auðlinda
Aðbúnaður	Samstarf heimila og skóla
Auk þess: Þróunarstarf, einstök verkefni	

Í upphafi formlegs sjálfsmats lögðum við kapp á að áætlanir okkar fyrstu fimm ár sjálfsmats næðu yfir öll þessi svið með einum eða öðrum hætti eins og sjá má í árlegum skýrslum. Þau svið sem voru í sjálfsmati fyrstu fimm árin voru lituð **blá**, í áföngum, en í ferlinu merktum við þau svið **græn** sem stóðu út af (ekki lokið). Eins og sjá má í fyrstu fimm skýrslunum unnum við námsmat á öllum þessum sviðum með skipulögðum hætti. Fyrsta árið okkar vorum við með þrjú verkefni, næsta ár voru þau orðin 8, þriðja árið 10, fjórða árið reyndust þau einnig tíu (reyndar var fyrirhugað að hafa þau tólf en fallið var frá tveimur þeirra). Fimmta árið skoðuðum við níu viðfangsefni sérstaklega. Það var því verulegur stígandi á þessu sviði.

Skólaárið 2008 – 2009 var frumraun okkar í skipulagðri sjálfsmatsvinnu en var um leið afar lærdómsríkt ferli. Þar sem kennarahópurinn hafði ekki haft reynslu af skipulagðri sjálfsmatsvinnu var leitað til fagaðila til þess að leiða kennarahópinn við að tileinka sér vinnuaðferðir af þessu tagi. Þær Björk Ólafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir frá Ísmati tóku að sér þessa handleiðslu með styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þær leiddu kennarahópinn í gegnum vinnuferli vetrarins og það er samdóma álit starfsmanna í skólanum að þessi samvinna var mjög ánægjuleg í alla staði og við urðum öll reynslunni ríkari. Eftir þessa frumraun varð okkur ljóst hve formlegt sjálfmat getur verið gagnlegt og gefandi og hjálpað til við að efla enn frekar gott skólastarf.

Skólaárið 2009 – 2010 hafði sína sérstöðu þar sem tveir af fimm aðalkennurum fóru í barnsburðarleyfi og sá þriðji minnkaði verulega starfshlutfall sitt. Þrír nýir einstaklingar voru ráðnir að skólanum í þeirra stað. Það hafði auðvitað áhrif á framgang sjálfsmatsins, a.m.k. framan af meðan nýju kennararnir voru að kynna starfsháttum í Tjarnarskóla. Sjálfsmatsvinnan það árið fór því ekki af stað fyrr en skólastarfið var komið eitthvað áleiðis.

Skólaárið 2010 – 2011 gengum við til verka af meira öryggi. Við höfðum ellefu verkefni á áætlun en níu þeirra voru unnin.

Í umbótaáætlun fyrir **skólaárið 2011 – 2012** voru tólf þróunarverkefni á stefnuskránni en við féllum frá tveimur þeirra þannig að þau urðu tíu.

Heildarmat Reykjavíkurborgar setti svip sinn á skólastarfið 2012 – 2013. Skóla- og frístundasvið gerði svo nefnt heildarmat á skólanum þann vetur. Það reyndist lærdómsríkt ferli og hefur án efa haft jákvæð áhrif á skólastarfið. Á skólaárinu 2012 - 2013 voru níu sjálfsmatsverkefni á listanum okkar.

Nýr fimm ára rammi á skólaárunum frá 2013 – 2018

Á sjötta sjálfsmatsárinu var lagt upp með sex viðfangsefni en í reynd urðu viðfangsefnin fimm. Á því ári unnum við út frá nýjum fimm ára ramma.

Tvíþætt umbótaáætlun skólaveturinn 2013 – 2014

Eins og gert var grein fyrir í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2013 – 2014 höfðum við tvenns konar umbótaáætlun í gangi:

- a) Hefðbundið **sjálfsmat** í sex liðum, urðu í raun fimm.
- b) Umbótaáætlun í kjölfar **heildarmats** sem fór fram í skólanum skólaárið 2012 - 2013. Gert var grein fyrir þeim umbótáttum í skýrslunni 2012 - 2013.

Á skólaárinu 2014 – 2015 voru þrjú meginviðfangsefni í umbótaáætluninni okkar.

Við rýndum í vellíðan á vinnustað, vinnustaðaheimsóknir nemenda og aðkomu foreldra að starfskynningum og litum til þess hvernig við gætum aukið samkennd, vináttu, vellíðan og jákvæð samskipti í skólanum.

Skólaárið 2015-2016 litum við fyrst og fremst til eflingar foreldrasamstarfs í skólanum, leituðum til foreldra með hugmyndir að því hvernig við tengjumst betur grenndarsamfélaginu og vildum einnig kanna viðhorf foreldra til samstarfs skólans við erlenda skóla í tengslum við svo nefnt Evrópuverkefni og samstarf við danskan vinaskóla, Roskilde Lille Skole en undirbúningur að samstarfi við hann hófst skólaárið 2014-2015.

Á skólaárinu 2016 -2017 stóðu tvö til þrjú meginviðfangsefni sjálfsmats út af miðað við 5 ára rammann. Við beindum áfram sjónum að eflingu foreldrasamstarfs. Við fengum nemendur og foreldra til þess að vinna með okkur að stefnumótun og gerð reglna um símanotkun í skólanum. Við fengum nýjan kennara til liðs við okkur í byrjun skólaárs sem hefur unnið mikið með Pals-lestraraðferðina og hann lagði upp með styrkingu lesturs og lesskilnings meðal nemenda auk þess sem við eflum lesskilning og lestur.

Á skólaárinu 2017 – 2018 (síðasta árið í nýjum fimm ára ramma) völdum við því viðfangsefni sem tengdust þeim sviðum sem stóðu út af og höfðu verið merkt **græn** í rammanum. Við héldum áfram að vinna með þróunarverkefni sem laut að reglum um símanotkun, við unnum einnig með tengingu tæknimenntar við námsgreinar í skólanum til þess að tryggja sem mesta breidd á því sviði. Við héldum áfram að mæla lestrarfærni og leita leiða til að auka hana og könnun var gerð á þættinum „stjórnun skólans“. Með þessu móti náðist að skoða viðfangsefni allra flokka í sjálfsmatsrammanum. Þeir voru því allir orðnir bláir.

Á skólaárinu 2018 – 2019 var nýr fimm ára rammi tekinn í notkun. Á því ári beindum við sjónum okkar að því hvernig okkur hafði tekist að nýta nýjan tækjakost; Chrome book tölvum og þróa skólastarfið með nýrri tækni. Við skoðuðum einnig hvernig við gætum náð sem mestri breidd í þjálfun nemenda í upplýsinga- og tæknimennt. Við héldum áfram með mælingum á lestrarfærni og skoða hvernig við gætum aukið lestrarfærnina og síðan var vinna með námsmat, hæfniviðmið og markmið inni í Námfúsi og fleiri forritum í skoðun. Auk þess gerðum við grein fyrir tiltækum viðhorfakönnunum og mati sem var unnið þann vetur.

Á skólaárinu 2019 – 2020 unnum við að endurskoðun á skólanámskránni okkar. Það var umfangsmikið verkefni. Við héldum áfram að meta verkefni frá fyrra ári; hvernig okkur hafði tekist að nýta nýjan tækjakost. Þrjú framhaldsverkefni voru einnig á döfinni; að vinna að umbótum í tengslum við upplýsinga- og tæknimennt, auka lestrarfærni nemenda og vinna með námsmat, hæfniviðmið og

markmið inni á Námfúsi og fleiri forritum. Einnig gerðum við grein fyrir tiltækum viðhorfakönnunum s.s. viðhorfskönnun fyrir foreldra um skólastarfið, sem Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur lagði fyrir.

Á skólaárinu 2020 – 2021 könnuðum við hvar foreldrum finnst um upplýsingagjöf frá skólanum, lögðum mat á hvaða reynslu við gætum nýtt úr fjarnámsleiðum á covid tímum, gerðum könnun meðal nemenda varðandi matarmálin, einnig könnun meðal 10. bekkinga á ólíkum leiðum í fjarnáminu. Fyrirhugað var að leggja mat á líðan starfsmanna á vinnustað en var frestað til næsta árs.

Þriðji fimm ára ramminn á skólaárunum 2018 - 2023

Nýr fimm ára sjálfsmatsrammi (sá þriðji) var síðan tekinn í notkun skólaárið 2018 – 2019 sem kemur til með að spanna skólaárin 2018 – 2023. Bláir reitir eru þeir sem við höfum þegar unnið með en grænir sem eru á áætlun næstu ára.

Nú er fjórða ári í þriðju fimm ára áætlun lokið en um leið 14. árið sem við höfum stundað formlegt sjálfsmat. Við höfum haft þann háttinn á að lita þá reiti bláa, á fimm ára áætluninni, sem tengjast viðfangsefnum sjálfsmatsins en græna þá sem út af standa í fimm ára rammanum. Viðfangsefnin skarast reyndar stundum en við göngum skipulega til verks. Við byrjum því aftur að lita reiti eftir því sem okkur miðar áfram að meta innra skólastarf Tjarnarskóla sbr. töfluna hér fyrir neðan.

Nýr fimm ára sjálfsmatsramminn miðað við lok 4 árs af 5 (í lok skólaársins 2021 – 2022) Ath eins og fram hefur komið var ekki gerð skýrsla á síðasta skólaári.	
2018 - 2023	
Skólanámskrá – skipulag, stefna og markmið	Nám – námsmat – námsárangur
Líðan nemenda, þarfir, starfsandi, samstarf	Kennsla, starfsþróun og fagmennska
Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf	Stjórnun
Viðmót og menning skóla	Ytri tengsl – samfélag. Ráðstöfun auðlinda
Aðbúnaður	Samstarf heimila og skóla
Þróunarstarf, einstök verkefni	

Þannig höldum við áfram „koll af kalli“ og leggjum okkur fram um að rýna í og bæta ólíka þætti í skólastarfinu okkar.

Til nánari upplýsinga vísum við í sjálfsmatsskýrslur liðinna ára á heimsíðu skólans:

<http://tjarnarskoli.is/page/sjalfsmat>

Umbótaáætlunin 2022 – 2023

Matsspurningar	Hvaða upplýsingar þarf til að svara spurningunni?	Hvaðan og hvernig á að safna gögnum? (Heimild og aðferð)	Hvenær á að safna gögnum og hver ber ábyrgð á verkinu?	Hvenær eiga niðurstöður að liggja fyrir?
Eins og fram hefur komið var ekki gert ráð fyrir sjálfsmati í skýrslu síðast liðið vor. Úr því verður bætt að vori og því gert grein fyrir sjálfsmati ársins í ár og síðasta árs.				
1. Hvort og hvernig eigum við að breyta aðbúnaði á snyrtingum nemenda, sérstaklega m.t.t. kynja	Hafa umræður með nemendum og leggja síðan viðhorfskönnun fyrir hópinn um hvernig þeim líst á að breyta aðgengi að snyrtingum og með hvaða hætti.	Leggja fyrir viðhorfskönnun og safna niðurstöðum.	Þessu verkefni var lokið fyrir byrjun skólaárið 22 – 23. Verður lýst í næstu sjálfsmatsskýrslu Ábyrgðarmaður: Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri.	Júní 2023
2. Hverning er líðan starfsfólks á vinnustaðnum Tjarnarskóla?	Svör við spurningum í viðhorfskönnun sem lögð verður fyrir þá starfsmenn sem eru í meira en 50% starfi.	Hugmyndin er að fá Vinnuvernd eða Skólapúlsinn til þess að leggja könnunina fyrir.	Skólaárið 2022-2023 Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri.	Júní 2023
3. Hvernig hefur tekist til með nýja framsetningu á vitnisburði við annarlok á 1. og 2. önn?	Umræður meðal kennara á kennarafundum þar sem við skráum reynslu og tileinkum okkur ný vinnubrögð í kjölfarið.	Skjal í sameiginlegu drifi kennara.	Skólaárin 2021 – 2023. Þetta verkefni var unnið skólaárið 21-22 en verður ekki gert grein fyrir niðurstöðum fyrr en í lok skólaárs 22-23. Ábyrgðarmaður: Kennarahópurinn	Júní 2022

<p>4. Hvaða áhrif hefur aðkoma nýs sérgreinakennara á framfarir í lestri, skólaárið 22-23?</p>	<p>Lagt er upp með 6 vikna lestraráætlun þrisvar í viku og árangur mældur (framfarir á sjónrænum orðaforða, leshraða og skilningi). Mms prófin verða einnig nýtt sem mælikvarði á framfarir.</p>	<p>Vinnuskýrsla gerð um hvern nemanda.</p> <p>Einnig gerð grein fyrir öðrum námslegum stuðningi og annarri lestrarþjálfun í skólanum.</p>	<p>Skólaárið 2021 - 2022</p> <p>Ábyrgðarmaður: Heiða Gröndal í samvinnu við kennarahópinn.</p>	<p>Júní 2023</p>
-------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------

Heildarmat á skólastarfinu

Á haustmánuðum árið 2012 gerði Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur heildarmat á skólastarfinu í Tjarnarskóla. Nálágast má skýrslur og umbótaáætlun í kjölfar heildarmatsins á krækjunni hér fyrir neðan.

<http://tjarnarskoli.is/page/mat-a-skolastarfi>

Viðhorfskönnun meðal foreldra unnin 2022

Hér er hlekkur á könnunina sem er birt á heimasíðu skólans:

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/file/kassi-2/vidhorfskonnun-foreldra-2022-tjarnarskoli.pdf>

Foreldrafélag – foreldrasamstarf



Stefna skólans í foreldrasamstarfi

Foreldrasamstarf er afar mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Í Tjarnarskóla segjum við gjarnan að foreldrahópurinn sé eins og „Tólfan“ með íslensku landsliðunum. Foreldrar eru hvetjandi og leggja ómælt lið með margvíslegum hætti. Það er eftirsóknarvert að fá foreldra á sem fjölbreyttastan hátt inn í skólastarfið. Góð kynni, samhugur og samvera með nemendum og starfsfólki skilar sér í hærra ánægjustigi, meiri öryggistilfinningu og betri samskiptum.

Á hverju hausti eru haldnir haustfundir með foreldrum. Á þeim fundum tilnefna foreldrar tvo fulltrúa úr hverjum bekk (samtals 6 fulltrúa) í stjórn foreldrafélags. Þar sem skólinn er fámennur eru sömu fulltrúar í bekkjarráði og í stjórn foreldrafélagsins. Skólastjóri kallar síðan hópinn saman og hópurnir kemur sér saman um verkefni vetrarins.

Lög foreldrafélagsins

eru komin talsvert til ára sinna og barn síns tíma og þurfa endurskoðunar við.

Lög foreldrafélags Tjarnarskóla

1. gr.

Félagið heitir Foreldra- og kennarafélag Tjarnarskóla og er heimili þess í Tjarnarskóla, Lækjargötu 14b, 101 Reykjavík.

2. gr.

Félagar eru foreldrar nemenda og starfsfók Tjarnarskóla. Einnig geta félagar verið fyrrverandi foreldrar og aðrir velunnarar skólans.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að vinna að heill og hamingju nemenda skólans.
2. Að stuðla að góðri samvinnu foreldra og skólans.
3. Að standa að umræðu og fræðslufundum um skóla- og uppeldismál.
4. Að stuðla að framkvæmd ýmissa mála í þágu skólans.

4. gr.

Að vori, í lok skólaárs, skal halda aðalfund í áttundu og níundu bekkjardeild en aðalfund fyrir nýjan bekk skal halda að hausti við upphaf skólaárs. Foreldrar í hverjum bekk kjósa þar tvo fulltrúa í foreldraráð fyrir næsta skólaár og skulu þeir jafnframt vera tenglar við sinn bekk. Starfsfólk skólans skipar tvo fulltrúa í foreldraráð. Stjórn félagsins nefnist foreldraráð. Foreldraráð skiptir með sér verkum á sínum fyrsta fundi.

5. gr.

Foreldraráð skal skipa fræðslunefnd með minnst þrem fulltrúum en fjöldi er þó ekki takmarkaður. Fræðslunefndin skal vinna að fræðslumálum fyrir hvern bekk, foreldra og skólann í heild svo og útgáfu fréttabréfs.

6. gr.

Foreldraráði er heimilt að leita fjárstuðnings hjá félögum. Foreldraráð tekur ákvörðun um fjársöfnun. Gjaldkeri félagsins eða skipaður gjaldkeri bekkjardeildar annast sjóðinn.

7. gr.

Foreldraráði er heimilt að leita fjárstuðnings hjá félögum. Foreldraráð tekur ákvörðun um fjársöfnun. Gjaldkeri félagsins eða skipaður gjaldkeri bekkjardeildar annast sjóðinn.

8. gr.

Foreldraráð skal ekki hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

9. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á félagsfundi enda sé það tilkynnt í fundarboði með minnst þriggja daga fyrirvara.

Erindisbréf

- Tenglar (fulltrúar foreldraráðs í hverjum bekk) bekkjarins skulu:
- Vera tengiliðir milli foreldra í bekknum.
- Vera tengiliðir milli kennara og foreldra í bekknum.
- Vera tengiliðir bekkjarins við heildina.
- Hafa frumkvæði að fundarboðum og vali verkefna.

Lög foreldrafélagsins í endurskoðun

Móðir í skólanum vann að tillögum að nýjum lögum fyrir foreldrafélagið okkar fyrir nokkrum árum. Þeim hefur ekki verið breytt formlega þegar þessar línur eru skráðar en skólastjóri mun kynna málið fyrir nýju foreldraráði skólaárið 2022 - 2023. Svo ánægjulega vill til að umrædd móðir á aftur ungling í skólanum og er í foreldraráðinu í vetur. Væntanlega getur dregið til tíðinda.

Verkefnaskrá - viðburðir

Á fyrstu áratugum Tjarnarskóla var aðkoma foreldrafélagsins sem slíks tiltölulega afmörkuð. Á síðari árum hefur þátttaka foreldra aukist til muna. Í því felst að á hverju hausti er kosið í foreldraráð. Skólastjóri kallar fulltrúa ráðsins saman og fulltrúar skipta með sér verkum og fundar um verkefni vetrarins. Sú hefð hefur skapast að foreldraráðið skipuleggur mjög veglegan viðburð síðasta fimmtudag í nóvember ár hvert. Þá koma foreldrar, nemendur og jafnvel fleiri fjölskyldumeðlimir saman í skólanum ásamt kennurum skólans og eiga saman ljúfa stund. Þá eru jólaföndurverkefni á dagskrá, jafnvel tónlistarflutningur. Þá nýta 10. bekkingar gjarnan tækifærið og bjóða upp á veitingar á vægu verði en afrakstur rennur í ferðasjóð nemenda.

Foreldrafélagið hefur komið með ýmsar góðar ábendingar í skólastarfið. Foreldrar hafa gjarnan komið sem gestafyrirlesarar og segja frá starfsvettvangi sínum eða áhugamálum. Foreldrar hafa komið með góðar ábendingar/tillögur í þá veru að krydda skólastarfið. Nemendur hafa einnig leitað til foreldra fyrir árshátíð skólans. Þá er óskað eftir liðsinni við að finna gjafir og viðurkenningar til þess að afhenda við þetta hátíðlega tækifæri. Foreldrar hafa lagt gott lið í þessum efnum.

Mikil þátttökaukning foreldra síðast liðin ár ef covidárin eru undanskilin

Aðkoma foreldra að skólastarfinu hefur eflst undanfarin ár ef covidárin eru undanskilin. Öflugir foreldrar hafa verið í foreldraráðinu og staðið fyrir nýjungum og verið virkir þátttakendur í talsvert meira mæli. Við erum afar sátt við hversu hátt hlutfall foreldra mætir á viðburði þar sem þátttöku þeirra er óskað. Hér má nefna fundi, opna fundi skólaráðsins, fyrirlestra, undirbúning fyrir

„ungbarnadaga“ í 10. bekk, vorgrill í Mæðragarðinum og síðast en ekki síst afar góða samvinnu við að taka á móti dönskum gestum sem hafa komið til okkar árlega í mörg ár (nema covidárin). Þá bjóða Tjarnarskólaforeldrar dönskum ungmönnum gistingu og hafa sýnt mikla gestrisni þá viku sem Danirnir dvelja á Íslandi. Foreldrar hafa einnig staðið fyrir viðburðum eins og keiluferðum, pantað vöfluvagninn og ísbílinn, haft spilakvöld, farið í Minigarðinn og fleira í þeim dúr.

Mikil samvinna í tengslum við Evrópuverkefni og móttöku erlendra gesta

Við höfum tekið þátt í þremur Evrópuverkefnum þar sem nemendur og kennarar Tjarnarskóla hafa verið í tengslum við nemendur og kennara í fimm öðrum Evrópulöndum og höfum tekið upp samvinnu við danska skólann Roskilde Lille Skole, eins og komið hefur fram. Kennarahópur frá skólanum kom í heimsókn til okkar vorið 2015 og þá voru lögð drög að heimsókn Dananna vorið 2016. Við tókum síðan á móti 23 nemendum, þremur kennurum og tveimur foreldrum frá Danmörku í apríl 2016. Í mars 2017 fóru 10. bekkingarinn okkar í heimsókn til Danmerkur og síðan tókum við á móti 23 dönskum unglingum og fimm fullorðnum í apríl 2017. Haustið tókum við á móti 25 nemendum og þremur fararstjórum til okkar og 10. bekkurinn endurgalt heimsóknina með því að fara til Roskilde í maí 2019. Stefnt var á að sami háttur yrði á skólaárið 19 – 20. Við tókum á móti dönskum hóp í október en því miður kom heimsfaraldur í veg fyrir að hægt væri að endurgjalda heimsókn vorið 2020. Ekkert varð heldur úr heimsóknum á síðasta skólaári. Vonandi getum við tekið upp þráðinn að ári. Heimsóknirnar hafa tekið um eina viku. Heimsóknir á báða bóga hafa haft í för með sér að Tjarnarskólafjölskyldur hafa verið virkir þátttakendur í að taka á móti erlendum gestum. Foreldrahópurinn í Tjarnarskóla hefur leyst gestgjafahlutverkið einstaklega vel og sýnt gestunum okkar mikinn sóma og gestrisni.

Þátttaka í mótun skólafundar og aðkoma foreldra að fleiri þáttum í skólafundum

Hér má nefna þátttöku í „opnum fundum“ sem skólaráðið hefur staðið fyrir á hverju ári undanfarin ár. Öflug hugmyndavinna hefur verið unnin og ýmsu góðu komið til leiðar í kjölfarið. Einnig má nefna að foreldrar hafa lagt lið við að koma nemendum í heimsóknir á vinnustaði og verið virkir við að koma með hugmyndir í skólaráðinu.

Undirbúningur og fjáröflun fyrir útskriftarferð og útskriftarhátíð 10. bekkinga

Hér hafa foreldrar komið sterkir inn og lagt lið í samvinnuverkefni nemenda, foreldra og starfsmanna.



Bekkjarfulltrar og foreldraráð Tjarnarskóla veturinn 2022 – 2023

Þar sem nemendur í skólanum eru einungis á milli 50 og 60 eru bekkjarfulltrúar jafnframt fulltrúar í foreldraráði.

Magnús Sævar Magnússon; magnus@utfor.is

Bergljót Arnalds; b.arnarlds@gmail.com;

Anna Sif Jónsdóttir; annasifj@gmail.com;

Guðrún Guðjónsdóttir; gudrunlinberg@gmail.com;

Óskar Freyr Pétursson; oskarfreyr@gmail.com

Helga Elísdóttir; helgael@landspitali.is



Félagsstarf nemenda

Nemendaráð

Í skólanum fer fram kosning í nemendaráð í 2. eða 3. viku skólastarfsins á hverjum vetri. Nemendur sem hafa áhuga á að vera virkir í félagslífi skólans gefa þá kost á sér og haldnar eru kosningar þar sem hver bekkur velur tvo til þrjá fulltrúa í ráðið. Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, kennari heldur utan um starf nemendaráðsins og leggur þeim lið við skipulag félagsstarfsins. Að öllu jöfnu fundar nemendaráðið einu sinni í viku en oftast þegar stærri viðburðir eru á dagskrá.

Nemendaráð skólaárið 2022 - 2023

Pórhildur Katrín Pálsdóttir; thorhildur@tjarnarskoli.is

Ingibjörg Ellý Herbertsdóttir; ingibjorg.elli@tjarnarskoli.is

Emma Tómasdóttir; emmat@tjarnarskoli.is

Hrói Guðbjörnsson; hroi08@tjarnarskoli.is

Saga Tari Mathieusdóttir; saga09@tjarnarskoli.is

Sigrún Eva Arnarsdóttir; sigrun09@tjarnarskoli.is

Þrátt fyrir fámennið hafa nemendur verið iðnir við að halda uppi félagslífi í skólanum. Stærsti viðburður á hverjum vetri er árshátíð Tjarnarskóla. Sú hefð hefur skapast að halda árshátíðina hjá nágrönnum okkar í Iðnó en skólinn hefur engan samkomusal í gamla skólahúsinu að Lækjargötu 14b en tvö síðast liðin ár höfum við haft árshátíðina í sal Hard Rock í Lækjargötu. Þá er fastur liður að hafa hinar ýmsu tilnefningar í aðdraganda árshátíðar s.s. ungrú Tjarnarskóli, herra Tjarnarskóli, bros Tjarnarskóla, bjartasta von Tjarnarskóla, krútt Tjarnarskóla o. fl. Nemendur undirbúa einnig myndband sem nefnist „Kennaragrín“ – þar sem þeir gera góðlátlegt grín að starfsfólki skólans. Það vekur ávallt mikla kátínu. Kennararnir hafa einnig brugðið sér í myndbandsgerð til þess að kæta nemendur skólans á árshátíðinni. Sú hefð hefur einnig fallið í afar góðan jarðveg.

Þátttaka nemenda í viðburðum á vegum Samfés

Það er ánægjulegt hve áhugi hefur vaxið í skólanum að taka þátt í viðburðum á vegum Samfés með góðum árangri. Nemendur hafa tekið þátt í Skrekk, Stíl, Dans- og Söngkeppni grunnskólanna.



Skólabragur - skólareglur - umgengni

Skólaárið 2018 – 2019 fór um við síðast í endurskoðun á reglunum með þátttöku skólaráðsins. Núgildandi reglur eru:

Skóla – og umgengnisreglur

Skólareglur gilda á skólatíma, hvar sem nemendur eru á þeim tíma

og þar sem þeir eru á vegum skólans

Skólinn er sameiginlegur vinnustaður nemenda, kennara og annars starfsfólks.

Við berum virðingu fyrir skólanum, eignum hans og umhverfi.

Við virðum hvert annað og sýnum hvort öðru kurteisi.

Við bætum það tjón sem við völdum öðrum.

Við virðum vinnufrið.

Við erum stundvís.

Við erum öll með hollt og gott nesti.

Við notum ekki tóbak, rafrettur, vímu- og ávanabindandi efni.

Góð umgengni ber okkur fagurt vitni.

Ég set skóna í hillur og yfirhafnir á snaga því þær eru ekki leyfðar í kennslustundum.

Ég gæti þess að skilja engin verðmæti eftir í yfirhöfnum.

Ég fylgi reglunni: Enginn sími í tíma, nema með leyfi kennara.

Ég hef símann á hljóðlausri stillingu í kennslustundum.

Ég nota ekki snjalltæki til að taka myndir, myndskreið eða hljóð, nema með leyfi viðkomandi.

Ég er ekki með mat eða drykk við tölvur.

Ég neyti hvorki sælgætis né annarra sætinda svo sem gosdrykkja og orkudrykkja á skólatíma nema þegar við gerum okkur dagamun í skólanum.

Svo þarf einnig að muna að ganga fallega um eldhúsið: Henda umbúðum utan af nesti og drykkjum og þurrka upp eftir sig ef sullast á borð/gólf.

Það er gott að hafa í huga að skilja við eins og maður vill sjálfur koma að eldhúsinu.

Virðing fyrir skólareglum og góð umgengni stuðlar að vellíðan

Stundvísi – ástundun - samskipti

Gott upplýsingastreymi frá skólanum til foreldra er afar mikilvægur þáttur í að halda uppi góðum síðum og varðveita góðan skólabrag. Liður í þessu er að halda góða skráningu um stundvísi og ástundun. Í þeim tilgangi notum við námsvefinn www.namfus.is. Þar er haldið utan um mætingar og fleira sem vefurinn býður upp á. Umsjónarkennari sendir að öllu jöfnu tölvupósta einu sinni í viku með ástundunarupplýsingum og öðru tilfallandi um hvern umsjónarnemanda. Leitast er við að koma hrósi á framfæri en einnig upplýsingum um ef nemandinn þarf liðsinni eða bæta sig. Við leggjum áherslu á góða samvinnu við foreldra og hvetjum þá til þess að hafa samband við okkur í gegnum tölvupósta eða síma.

Ef nemandi mætir ekki í skólann og foreldrar hafa ekki boðað forföll aflar ritari skólans upplýsinga um fjarveru nemandans með því að hringja í foreldra/forráðamenn. Sama gildir ef nemandi mætir ekki í kennslustund og ekki er vitað um ástæðu fjarverunnar.

Ef mætingu er verulega ábótavant er unnið í að greina vandann og finna úrræði í samvinnu við foreldra og fagfólk, s.s. skólahjúkrunarfræðing, fulltrúa nemendaverndarráðs, starfsmenn þjónustumiðstöðva og barnaverndar.

Heilbrigði og velferð – mannræktin/lífsleiknin á dagskrá allt frá 1985

Allt frá stofnun skólans hefur markvisst verið hugað að heilbrigði og velferð nemenda í skólanum. Strax á fyrsta skólavetri, 1985 - 1986, voru sérstakir mannræktartímar á dagskrá hjá öllum nemendum. Svo er enn. Þessir tímar hafa verið sannkallaðir lífsleiknitímar. Því má segja að við í Tjarnarskóla höfum hugað að þessum þætti skólastarfs talsvert á undan öðrum skólum. Í þessum tímum er fjallað um tilfinningar, sjálfsmynd nemenda, samskipti í sem víðastri mynd, líkamlegt heilbrigði, kynheilbrigði, jafnrétti og margt fleira. Í þessum tímum er hugað sérstaklega að unglingatímabilinu og stuðlað að uppbyggilegri umræðu um jákvæðar jafnt sem erfiðar hliðar þess og leitast við að aðstoða nemendur við að byggja sig upp sem heilsteipta einstaklinga. Einnig er lögð áhersla á að leiðbeina nemendum um að taka farsælar ákvarðanir í lífsins ólgusjú og eflast í að takast á við erfiðleika og áföll.

Reglur um tölvu- og snjalltækja/símanotkun í skólanum

Í byrjun skólaársins 2018 - 2019 fengu allir nemendur skólans Chrome Book tölvur til afnota og því er unnið í allt öðru tölvuumhverfi nú en áður. Í upphafi hvers skólaárs er rætt við þá um ábyrgð og skyldur sem tengjast tölvunotkuninni, bæði tækinu, en ekki síður notkun þess. Með örfáum undantekningum hafa nemendur umgengist tölvukost skólans af virðingu og ábyrgð í gegnum tíðina. Ef nemandi notar tölvu á þann máta sem óæskilegt er, skráir kennari það á ástundunarsvæði í Námfúsi. Upplýsingum er þar með komið á framfæri við foreldra.

Tölvusamningar

Foreldrar/forráðamenn allra nemenda skrifa undir samning vegna afnota unglingsins þeirra af tölvum skólans. Þær fela í sér margvísleg ákvæði um notkun og umgengni við tölvur og net skólans ásamt viðbrögðum við því ef eitthvað bregður út af.

Símareglur

Símanotkun/snjalltækjanotkun er með öllu bönnuð í kennslustundum nema nemandinn fái sérstakt leyfi hjá kennara til þess að nota tækið. Nánari útfærsla reglna hefur verið kynnt sérstaklega.

Skólaveturinn 2017 – 2018 unnum við markvisst að því að búa til góðar reglur um farsímanotknum með aðkomu foreldra og nemenda. Við gerðum grein fyrir þessari vinnu í sjálfsmatskýrslu. Nú hafa aðstæður okkar breyst eftir að Chrome book tölvur voru teknar í notkun sem hefur vikið sínum í tímum til hliðar. Því hafa símareglur einfaldast verulega og fela í sér að nemandi má ekki nota síma í kennslustund og á ekki að hafa símann sýnilegan í kennslustofunni. Í hverri stofu hangir vasateppi uppi á vegg. Ef nemandi brýtur reglu í kennslustund þarf hann að setja símann í „sinn“ vasa.

Ef hegðun er ábótavant - verklagsreglur

Ef kennari metur hegðun nemanda ábótavant í skólastarfinu og hefur áminnt nemandann án árangurs vísar hann nemanda á kennarastofu (eða annað eftir aðstæðum) og ræðir við nemandann við fyrsta tækifæri sem gefst. Leitast er við að leiða nemandanum fyrir sjónir hvað það var sem var óásættanlegt og varð til þess að það þurfti að ræða við hann utan kennslustofunnar. Nemandanum er jafnframt alltaf gefinn kostur á að segja sína hlið á málinu. Leitast er við að ljúka málinu á uppbyggjandi hátt. Umsjónarkennari og skólastjóri eru upplýstir um málið og umsjónarkennari/skólastjóri hefur samband við foreldra nemandans. Í þeim tilfellum að fleiri en einn nemandi tengjast atviki, þá er rætt við alla einslega áður en málinu er lokið, oftast með því að ræða við þá sameiginlega, fara yfir atburðarás og leita sátta.

Viðbrögð við hegðunarfrávikum og alvarlegum brotum

Við alvarlegum hegðunarbrotum er nemandi umsvifalaust vísað í viðtal við skólastjóra sem hefur forgöngu um úrvinnslu málsins innan skólans. Foreldrar/forráðamenn eru upplýstir um atvik eins fljótt og auðið er og leitast er við að góð samvinna eigi sér stað á milli skóla og foreldra/forráðamanna. Skólastjóri styðst við þær verklagsreglur (-ferli), þegar svo ber við, um hegðunarvanda, ástundunarvanda, vímuefnavanda og samskiptaerfiðleika sem Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur kynnt fyrir skólastjórnendum.

Tjarnarskólatakturinn – skólabragurinn, viðmót og menning

Heimilislegt yfirbragð, hlýlegt umhverfi, gott viðmót

Það kemur víða fram að nemendum, foreldrum og kennurum finnst yfirbragðið í skólanum heimilislegt og hlýlegt. Hér má vísa í skýrslu um heildarmat og niðurstöður spurningakönnunar um „Tjarnarskólataktinn“ sem er notaður yfir viðmót og menningu í skólanum. Stuðlað er að góðri umgengni og fallegri framkomu, kurteisi og tillitssemi. Lögð er áhersla á að skólinn sé sameiginlegur vinnustaður allra í skólanum.

Lýsing foreldra og nemenda á Tjarnarskólataktinum

Við getum nefnt mörg atriði sem einkenna viðmót og menningu og góðan skólabrag.

Lýsing foreldra

Hér fyrir neðan eru nokkur svör úr könnun sem gerð var til þess að skilgreina Tjarnarskólataktinn.

1. Ef þú ættir að lýsa skólanum í einni setningu. Hvernig gæti sú setning verið?

„Lítill og heimilislegur skóli. Vin í eyðimörk. Hlýlegur heimilisbragur, hver einstaklingur skiptir máli. Þar sem allir fá að láta ljós sitt skína. Styrkjandi og hvetjandi. Kærleiksríkur skóli þar sem öryggi, velferð og námsárangur nemenda er í fyrirrúmi. Persónulegur skóli sem býður upp á góð tækifæri fyrir nemendur að eflast á sínum áhugasviðum. Hlýlegur skóli sem lætur börnunum líða vel. Tekið á málum strax sem upp koma. Skóli sem heldur vel utan um nemendur sína. Einstakur, við köllum hann Harry Potter skólann í fjölskyldunni. Hlýlegur skóli með góðu starfsfólki sem virðir nemendur og fjölskyldur þeirra. Skóli sem ber virðingu fyrir börnum og unglingum/nemendum. Hugsar um þarfir þeirra og líðan og er með gott og áhugasamt starfsfólk“.

2. Við tölum stundum um „Tjarnarskólataktinn“ í því samhengi að lýsa því hvernig við viljum sjá fyrir okkur samskipti og starfshætti í skólanum. Viltu nefna fimm atriði sem þér finnst vera lýsandi fyrir samskipti og starfshætti í skólanum (nemenda, kennara, annars starfsfólks, foreldra...).

Virðing, skilningur, vilji, geta og svigrúm. Gott upplýsingastreymi, samvinna, virðing, skipulag, þægileg samskipti. Yfirlit vegna heimanáms, algjörlega frábært, gefur foreldrum enn betri aðgang að framgangi námsins. Föstudagspósturinn, með mætingum og skilaboðum frá umsjónarkennara, einnig algjörlega frábært, tengir foreldra mjög vel við umsjónarkennara og auðveldar að fylgjast með. Sérlega notaleg samskipti við skólastjóra Tjarnaskóla, hún er alltaf boðin og búin og tilbúin að skoða öll mál. Mjög gott aðgengi að öðrum kennurum en umsjónarkennara sem er mjög jákvætt. Upplýsingaflæði mjög gott af hálfu skólans, vegna félagsstarfs og flestu því sem snýr að skólastarfinu. Persónulegur, svör fást strax, þægilegur, metnaður, nálgun við nemendur með mismunandi þarfir. Virðing, vinátta, samskipti, kurteisi, hvatning. Unglingarnir hafa mikinn ramma og vita vel hvaða reglur gilda í skólanum.

3. Skólamenningin okkar byggir á ýmsum þáttum s.s. að allir fái að vera eins og þeir eru. Í hverju finnst þér það birtast?

Að sjá nemendur vaxa og dafna námslega og ekki síður virðingu fyrir ólíkum einstaklingum innan skólans. Einstaklingsmiðuðu námi og að einelti sé ekki liðið. Unglingurinn okkar er ánægður og öruggur með sig í þessum skóla. Það birtist fyrst og fremst í einstaklingsmiðuðu námi. Það tekst mjög vel í Tjarnaskóla og er líklega fámenni skólans því að þakka, sem er jákvætt. Að finna út hvar styrkleikar nemandans eru og ýta undir þá styrkleika. Hrósi og hvatningu til að styrkja nemendur í því sem þeir hafa áhuga á. Í börnunum, þau fá að vera þau sjálf í friði (fyrir flestum). Er ekki viss með það, kannski þá bara að námið sé einstaklingsmiðað og þau fái að velja sjálf hvað þau vilja skrifa um eins og t.d.. rannsóknarverkefni. Fyrst og fremst að markmiðasetning nemenda er einstaklingsmiðuð og þannig geta nemendur styrkt sig á þeim sviðum sem þeim þykja áhugaverðust. Nemendum er tryggð sú réttindi að vera eins og þeir eru. Skólinn tekur strax á „stríðni“, nemandi þarf ekki að búast við að aðrir séu að setja út á hann fyrir að vera hann sjálfur.

4. Við veitum ýmsu athygli sem flokkast undir færni nemenda á ýmsum sviðum. Getur þú nefnt það sem kemur upp í hugann í þessu samhengi?

Ritfærni og námsvilji. Rannsóknarverkefni og einstaklingsmiðað nám þar sem hver og einn fær að njóta sín sem best á sínu sviði. Mér finnst skólinn taka mjög mikið tillit til áhugsviðs nemenda og er kapp lagt á að nemendur fái að njóta sín á þeim vettvangi. Þá á ég við íþróttaiðkun, tónlistanáms og allt það sem nemendur taka sér fyrir hendur oft á tíðum fyrir utan skóla. Þetta finnst mér mjög jákvætt. Leiklist, ritgerðir og að koma fram og segja frá því sem viðkomandi hefur ritað eða hugsað. Félagsleg færni. Manngæsku og jákvæðni nemanda sbr. hrósin sem nemendur fá við skólaslit. Námsfernið er algjörlega einstaklingsmiðað og unglingurinn minn er komin vel á undan í ýmsum fögum en öðrum ekki. Þetta verður til þess að honum leiðist ekki í tímum því það er alltaf áskorum í námsefninu sem heldur honum við efnið. Sem dæmi má nefna þegar hann var í öðrum bekk og var í öðrum skóla þá var hann á undan öðrum í ýmsum fögum og kunni alveg það sem var verið að kenna í ýmsum tímum þetta varð til þess að honum leiddist svo rosalega að hann varð mjög óþekkur í tímum var bara að skrifa undir borð og nennti ekki að sitja og læra. Hann fékk mjög neikvæð viðbrögð hjá skólanum fyrir vikið í staðinn hefði verið hægt að láta hann fá þyngra námsefni og einhverja áskorun og þá hefði hann haft eitthvað við að vera. Ég skildi hann mjög vel því ekki myndi ég vilja skúra tandurhreint gólf 10 sinnum á dag.

5. Jákvæð samskipti eru ávallt keppikeflið í skólastarfinu. Hvernig finnst þér það birtast?

Jákvæð samskipti eru til fyrirmyndar og markvisst og stax unnið með úrlausnir á vandamálum (úrlausnarefnum). Í samstarfi nemenda, kennara og foreldra. Ekkert verið að jagast, - bara sagt, jæja, það gengur vonandi betur næst. Persónuleg samskipti. Skólastjórinn svarar oft símanum, grillar og býr til hafragraut. Mér finnst það einstakt. Allir aðrir starfsmenn eru einnig alltaf til taks og eru einfaldlega yndislegir. Talað við nemendur um jákvæð samskipti og rætt við þá ef þeir sýna neikvæð samskipti og reynt að fá þá til að fyrirgefa og ræða málin. Efling félagsandans með skólaferðunum og uppákomum eftir skólann s.s. keiluferðir, böllin o.fl. Þetta skilar sér í ánægðari nemendum og þjappar þeim betur saman. Fyrirmyndin er

starfsfólk sem er jákvætt við nemendur og þannig held ég að nemendur séu einnig jákvæðari sín á milli. Öll samskipti mín sem foreldri við skólann hafa verið jákvæð og alltaf er leitast við að finna góðu hliðarnar á öllum málum. Ég tek eftir því að krakkarnir eru flest öll góðir vinir og bera virðingu fyrir hvert öðru sem og kennurunum, barnið mitt hefur oftast komið heim úr skólanum með jákvæðar hugsanir gagnvart skólanum. Í jákvæðum samskiptum við kennara og starfsfólk. Á bæði við um samskipti milli kennara/starfsfólks og nemenda einnig milli heimilis og kennara/starfsfólks. Mér finnst það best birtast hvernig barninu mínu líður í skólanum, alltaf glatt og ánægt. Ef það eiga sér stað samskipti sem eru ekki á jákvæðum nótum þá er tekið á því strax.

Lýsing nemenda

Nemendur í 9. og 10. bekk beðnir um að lýsa því sem þeim finnst einkenna Tjarnarskólataktinn. Þeir máttu vinna verkefnið einstaklingslega, eða í hóp ef þeir vildu fremur. Inngangurinn var á þessa leið:

Eitt af þróunarverkefnum í Tjarnarskóla hefur verið að skilgreina hvað einkennir skólabraginn/skólamenninguna okkar.

Hér er hluti af samantekt á því sem nemendur tóku fram:

1. Ef þú ættir að lýsa skólanum í einni setningu. Hvernig gæti sú setning verið?

Lítill og kósý skóli. Lítill skóli með stórt hjarta. Lítill skóli, þægilegur og traustur. Persónulegur, mjög þægilegt umhverfi. Þetta er betri og persónulegri skóli en margir aðrir. Þau ýta á mig með mildum krafti en árangurinn er magnaður. Betri en þú getur ímyndað þér. Hann er persónulegur og rólegur. Tjarnarskóli er lítill skóli með lítið félagslíf. Hann er persónulegur og rólegur. Tjarnarskóli getur veitt öllum einstaklingshjálp.

2. Við tölum stundum um „Tjarnarskólataktinn“ í því samhengi að lýsa því hvernig við viljum sjá fyrir okkur samskipti og starfshætti í skólanum. Viltu nefna fimm atriði (mátt nefna fleiri) sem þér finnst vera lýsandi fyrir starfið okkar (það sem þú segir öðrum frá þegar þú talar um skólann).

Betri en aðrir skólar, tekið betur á móti manni. Frekar fáir krakkar sem er þægilegt. Vinnur gegn einelti. Náms efni er við hæfi. Allir fá að vera eins og þeir eru. Allir passa inn í hópinn. Fín stærð ekki of stór ekki of lítill. Við erum samheldinn skóli. Kennararnir þekkja nemendurna persónulega. Passað upp á nemendurna. Það er alltaf hægt að leita til einhvers. Kennararnir eru frábærir. Mjög sjálfstætt, mjög heimilislegt, þægilegt. Góð kennsla í flestum fögum. Gott að hafa heimanámstíma. Það er mjög mikil samkeppni. Hann er ótrúlega lítill og allir þekkjast. Krökkum er hjálpað að ná þeim árangri sem þurfa að ná. Maður lærir góð samskipti. Lítill skóli, krúttlegur, persónulegur, frábær og yndislegur. Það þykir öllum vænt um alla. Öðruvísi og betri kennsluaðferðir. Lítill, persónulegur, náinn, gamaldags, kúl stöff, flott, gott, meira svona, já. Lítill, þægilegur, persónulegur, kósý, góður og góðir kennarar.

3. Skólamenningin okkar byggir á ýmsum þáttum s.s. að allir fá að vera eins og þeir eru. Í hverju finnst þér það birtast?

Það eru fáir í skólanum og það er þægilegra og betra því maður þekkir alla betur og það er opnara og manni finnst maður vera velkominn (er ekki lokaður eða skilin út undan). Það er líka ævintýralegt og spennandi að vera í skóla í Miðbænum. Maður þarf ekki að vera hræddur við að vera maður sjálfur. Það er líka betra gagnvart náminu því hverjum og einum er hjálpað. Í flestu, t.d. námsefninu. Við fáum til dæmis að tjá okkur með klæðnaði okkar. Mjög sjálfstæð vinnubrögð, má klæða sig eins og maður vill. Það er tekið alvarlega á einelti. Lögð áhersla á góð samskipti svo allir fá að blómstra og rækta sína styrkleika. Eins og til dæmis kennararnir finna út hvar þú ert staddur í náminu og hjálpa svo til að komast lengra. Það er líka alveg sama hvernig þú ert svo lengi sem þú ert þú sjálfur. Námsefninu, það er aldrei verið að ýta mér til að vera í sama og aðrir. Líka eins og það er tekið ótrúlegt tillit til lesblindu og slíku. Það eru allir eins og þeir eru og það er frábært.

4. Jákvæð samskipti eru ávallt keppikefli í skólastarfinu. hvernig finnst þér það birtast?

Allir mega hafa sína skoðun og allir vilja helst að allir taki þátt í umræðum og það er jákvætt. Nán samskipti milli nemenda og kennara. Vel, en ekki allir stunda jákvæð samskipti. Bara fínt. Fín samskipti milli nemenda og kennara. Hvað kennararnir eru góðir og þægilegt að tala við þá. Allir góðir við alla. Nemendur geta alltaf leitað til kennara ef eitthvað er. Ef eitthvað slæmt gerist er strax tekið á því með öllum, ekki bara þeim sem málið varðar. Ef eitthvað kemur upp þá er barist við það um leið, ekki beðið með það. Það er hlustað á þig og tekið mark á því hvað þú segir. Það er svo vel passað upp á alla að maður venst góða andanum. Andrúmsloftið er létt og skemmtilegt og gerir samskiptin jákvæð. Í öllum kennslutímum og það er tekið alvarlega á einelti. Það er ekki mikið um einelti.

Stefna varðandi viðbrögð við alvarlegum agamálum

Skólasamfélagið í Tjarnarskóla gengur ávallt út frá því frá fyrsta degi skólastarfs á hverjum vetri að nemendur virði skólareglur, sýni samhug, tillitssemi, hlýlegt viðmót og séu sjálfum sér, foreldrum sínum og skólanum til sóma. Með fáum undantekningum hefur sú orðið raunin á 37 ára ferli skólastarfsins. Öll úrvinnsla slíkra mála þarf að miðast við að finna sem farsælustu útkomu fyrir nemandann og skólasamfélagið í heild sinni í samvinnu við foreldra. Leitast skal við að vinna faglega úr máli og kalla til þá sem líklegastir eru til að finna sameiginlega úrlausn.

Ofbeldi er óásættanlegt í skólastarfi!

Ef nemandi skaðar annan nemanda eða starfsmann þurfa viðkomandi aðilar að komast undir læknishendur og fá áverkavottorð og fá andlega aðhlyningu. Ferlið segir okkur að kalla til lögreglu ef nauðsyn krefur. Sem betur fer hafa slíkir atburðir verið afar fátíðir í sögu skólans.

Ávallt skal haft að leiðarljósi að fá nemandann/gerandann til að horfast í augu við brot sitt og vinna í að læra af reyndlunni til þess að verða heilsteyptari einstaklingur með öllum tiltækum ráðum og ráðgjöf. Ef um andlegan sjúkdóm er að ræða þarf að vinna málið með fagfólki.

Ávallt skal hafa í huga velferð allra nemenda og starfsmanna í skólanum í meðferð alvarlegra brota.

Nemendur með fjölþættan vanda

Í öllu starfi Tjarnarskóla er leitast við að koma sem best til móts við þarfir hvers og eins og með sanni má segja að hver einstaklingur er einstakur. Kennarahópurinn er samtaka í því að leita leiða fyrir hvern og einn sem á við fjölþættan vanda að etja, líkt og alla aðra nemendur. Leitað er til fagfólks, kennarar fara á námskeið, teymisfundir eru haldnir og reynt með sem víðtækustum hætti að greina vandann og leita leiða, það er ávallt okkar keppikefli.

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum:

<http://stjornartidindi.is/DocumentActions.aspx?ActionType=Open&documentID=16b1bc59-0737-4fec-a233-4a2fdf7e30e6>

Opinberar leiðbeiningar um líkamlegt inngrip

<http://www.samband.is/media/grunnskoli/Leidbeiningar-um-13--gr--rglg-nr-1040-2011.pdf>

Leiðbeiningar um úrlausn erfiðra ágreiningsmála í skólastarfi:

<http://www.samband.is/media/grunnskoli/Um-urlausn-erfidra-agreiningsmala.pdf>

Hagnýtar upplýsingar um skólahald

Skrifstofa skólans er opin að öllu jöfnu frá klukkan 8.30 – 16.00. Ritari skólans er Kristín Rós Egilsdóttir. Langoftast er auðvelt að ná sambandi við starfsmenn símleiðis en einnig er hægt að lesa skilaboð inn á símsvara og við bregðumst við erindinu við fyrsta tækifæri. Tölvupóstar eru einnig óspart notaðir auk þess sem samskiptavefurinn Námfús er notaður í sumum tilfellum. Foreldrar og nemendur hafa aðgangsorð inn á vefinn. Stundum notum við smáskilaboðasendingar.

Skólinn er að öllu jöfnu opnaður kl. 8.45, í síðasta lagi klukkan 8.00.

Heimilisfang skólans er: Lækjargata 14b, 101 Reykjavík

Símanúmer eru: 5624020 og 5516820 og 8945820/8916899.

Netfang skólans er tjarnarskoli@tjarnarskoli.is

Heimasíða skólans er www.tjarnarskoli.is

Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi Kvennaskólans í Reykjavík við Fríkirkjuveg.

Sundkennsla fer fram í Sundhöll Reykjavíkur.

Leirlist og myndlist hafa verið kenndar í húsakynnum Háskóla Íslands við Skipholt.

Tónlistarvalgrein er kennd í húsnæði Borgarbókasafns Reykjavíkur.

Nemendur í 10. bekk njóta kennslu í **valgreinum í Tækniskóla Íslands** (grunnskólavali).

Forföll og leyfi

Ef nemandi þarf leyfi eða hann getur ekki komið vegna veikinda eða af öðrum orsökum er óskað eftir því að foreldrar láti vita í síma/símsvara, tölvupósti eða með skriflegri orðsendingu. Æskilegt er að þær upplýsingar berist fyrir klukkan 10.00 að morgni.

Mötuneyti: heitur matur – nesti – hafragrautur og ávextir – beyglur

Skólaveturinn 2022 – 2022 fá nemendur og starfsfólk heitan mat í hádeginu frá fyrirtækinu Krúsku á Suðurlandsbraut. Nemendur í 10. bekk afgreiða matinn og vinna sér um leið inn peninga í ferðasjóð 10. bekkinga en þeir safna fyrir Danmerkurferð/vorferð fyrir útskrift. Meiri hluti nemenda er áskrifandi að heita matnum en nokkrir kjósa að koma með nesti að heiman eða skjótast í löngu frímínútunum í búð eða bakarí í Miðborginni. Nemendum býðst að útbúa sér hafragraut þeim að kostnaðarlausu. Í eldhúsi á 3. hæð hafa nemendur aðgang að haframjölsskömmtum (keyptir í Cosco). Þeim reynist auðvelt að hella soðnu vatni út á mjölið og ákveða þannig sjálfir hversu þykkur hann á að vera. Epli eru að jafnaði á boðstólum og auk þess geta nemendur sem það kjósa keypt beyglur og samlokubrauð og hitað í brauðgrilli í eldhúsinu. Þeir smyrja sjálfir og bæta við osti, rjómaosti, skinku/pepperoni að vild. Bæði heiti maturinn og beyglur eru greidd með skólagjöldum einu sinni í mánuði.

Viðtalstímar kennara

Kennarar hafa ekki fastan viðtalstíma í skólanum. Ef foreldrar/forráðamenn óska eftir spjalli við kennara geta þeir sent tölvupóst, eða haft samband símleiðis. Ef kennarinn getur ekki brugðist strax við tekur ritari eða annar starfsmaður við skilaboðum og kennarinn hringir við fyrsta tækifæri. Það er auðsótt mál að óska eftir viðtali í skólanum. Þá er framgangurinn með sama hætti, nema fundartíminn er ákveðinn með einhverjum fyrirvara.

Tjón og slys – tryggingar

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir. Ef nemandi slasast á skólatíma, hvort sem er í skólanum eða utan hans, s.s. á skólalóð eða á ferðum á vegum skólans greiðir skólinn kostnað vegna komu nemanda á slysideild. Sama gildir um kostnað vegna flutnings nemenda frá skóla og til slysideildar. Tannviðgerðir á nemendum tilkomnar vegna slysa í skóla eða á skólalóð á skólatíma eru endurgreiddar að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Það sem eftir er greiðir borgarsjóður, að ákveðinni upphæð, vegna einstaks slyss.

Persónulegir munir nemenda eru ekki tryggðir. Brýnt er fyrir nemendum að skilja ekki eftir verðmæti þar sem ekkert eftirlit er til staðar.

Ef nemandi veldur vísitandi skemmdum á eigum skólans, annarra nemenda eða þeirra sem þar starfa er hann bótaskyldur. Sérstakur samningur er gerður um afnot nemenda af tölvum skólans en hver nemandi hefur „sína“ tölvu sem er í eigu skólans.

Kostnaður vegna flutnings nemenda milli skóla og slysadeildar er greiddur.

Fatnaður og óskilamunir

Skólastjóri sér um að ganga öðru hverju með óskilamuni í stofurnar í skólanum. Á viðtalsdögum er öllum óskilamunum sem þá eru í húsi komið fyrir á gangi á 1. hæð til þess að foreldrar/nemendur geti kannað hvort þeir kannist við sínar eigur meðal óskilamunanna.

Bókasafn

Ekkert eiginlegt bókasafn er í skólanum. Við nýtum óspart Borgarbókasafn Reykjavíkur í Tryggvagötu og höfum notið frábærrar þjónustu starfsmanna þar um árabíl. Allir nemendur fara vikulega eða oftar í bókasafnið.

Íþróttir, sund

Nemendur sækja íþróttakennslu í íþróttasal Kvinnaskólans í Miðbæjarskólalúsinu og sund í Sundhöll Reykjavíkur.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011 og 2013) segir, að í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum skuli skipulag sundkennslunnar miðast við að 15 nemendur séu að jafnaði í hverjum sundtíma. Til að tryggja öryggi nemenda í kennslustundum og tryggja að markmiðum kennslunnar verði náð skulu nemendur ekki vera fleiri en 15 þegar þeir eru 10 ára og yngri eða ósyndir. Í skipulagi sundkennslu þarf einnig að taka tillit til þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi, s.s. stærðar laugar og búningsaðstöðu.

Ef nemendur eru fleiri en 15 í sundtíma þá gerir mennta- og menningarmálaráðuneytið þá kröfu að kennari hafi með sér aðstoðarmann í sundtímanum. Viðkomandi aðstoðarmaður verður að hafa tekið hæfnipróf sundstaða eins og reglugerð nr. 814/2010 gerir kröfur um.

Í reglugerðinni er jafnframt fjallað um öryggi í skólasundi. Samkvæmt reglugerðinni skal íþróttakennari í samvinnu við starfsmenn sundstaða fara árlega, eða við upphaf hvers sundnámskeiðs, yfir helstu reglur sem gilda á sundstöðum og yfirfara vinnutilhögun í tengslum við sundkennslu þannig að fyllsta öryggis nemenda sé gætt. Íþróttakennari skal einnig gera nemendum grein fyrir þeim hættum sem geta fylgt sundiðkun.

Í breytingu á reglugerð nr. 814/2010 sem gerð var á árinu 2012, nr. 773/2012 kemur m.a. fram: „Þar sem hópar barna undir 10 ára aldri eru saman komnir skulu ekki fleiri en 15 börn vera í umsjá hvers kennara eða ábyrgðarmanns hóps sem, ásamt laugarverði, er ábyrgur fyrir hópnum. Miða skal við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins, sbr. 1. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Til að auðvelda kennara eða ábyrgðarmanni hópa að fylgjast með hverju barni skulu hópar barna sérstaklega auðkenndir með áberandi lit á sundhettum, armböndum, vestum eða á annan sambærilegan hátt. Fyllsta öryggis skal gætt þegar komið er með hóp af börnum og unglingum í sund.“

Kennarar og ábyrgðarmenn hópa skulu kynna sér reglur sund- og baðstaða og aðstoða starfsfólk sund- og baðstaða við gæslu.

Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu ávallt gæta þess í samvinnu við starfsfólk sund- og baðstaða að nemendur fari ekki að laug á undan þeim. Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu aldrei víkja frá laug fyrr en allir nemendur/iðkendur yngri en 15 ára eru farnir inn í búnings- eða baðklefa. Þau varúðaratriði sem hvíla á laugarverði hvíla einnig á kennara, þjálfara og leiðbeinanda varðandi nemendur og iðkendur.“

Skv. aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 í skólaíþróttum (bls. 181-193) er í skólasundi miðað við að nemendur fái a.m.k. 40 mínútur á stundaskrá skóla í hverri viku skólaársins. Þar sem slíku skipulagi verður ekki við komið skal kenna skólasund á árlegum námskeiðum. Á slíkum námskeiðum skal hver nemandi fá að lágmarki 800 mínútur í kennslu. Sá tími, sem eftir stendur, skal nýta til skólaíþróttá (miðað er við 40 mín. kennslustundir).

Skv. viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla, er gert ráð fyrir að heildartími skólaíþróttá í 1.-4. bekk sé 480 mínútur í viku hverri, 5.-7. bekk sé 360 mínútur og 8.-10. bekk 360 mínútur (að meðaltali 120 mínútur í hverri viku skólaársins frá 1. – 10. bekkjar).

Ráðuneytið væntir þess að allir skólastjórnendur og þeir kennarar sem annast sundkennslu, kynni sér vel ákvæði í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá um skólaíþróttir, sjái til þess að nemendur fái lögbundna kennslu og að fyllsta öryggis sé gætt.

Skápar fyrir nemendur

Nemendur hafa því miður ekki skápa í skólanum. Við búum við þröngan húsakost og sjáum ekki fyrir okkur að hægt sé að koma slíkum skápum fyrir með góðu móti. Til þess að tryggja að eigum nemenda sé ekki stolið er húsinu er lokað kl. 8.30 og eftir það þarf að hringja á dyrabjöllu til þess að komast inn í skólahúsið. Hver nemandi hefur þó sitt hólf í bekkjarstofu þar sem hann getur geymt persónuleg námsgögn.

Vettvangsheimsóknir, skólaferðalög, utanlandsferðir, móttaka erlendra gesta

Ferðalög

Á hverjum vetri fara allir nemendur skólans saman í að minnsta kosti tvö ferðalög; haustferð og skíðaferð. Auk þess fara tíundu bekkingar í Danmerkurferð að vori, að öllu jöfnu. Í haustferð og skíðaferð greiða nemendur engan kostnað nema vegna nestis í ferðina og ef þeir þurfa að leigja búnað í skíðaferð. Um Danmerkurferðina gilda aðrar reglur, þá safna nemendur og foreldrar gjarnan fyrir ferðinni yfir veturinn en skólinn leggur alltaf talsvert af mörkum, s.s. að greiða laun kennara sem fara með nemendur í ferðina, ferðakostnað og fleira.

Vettvangsferðir

Kennarar skólans eru duglegir að fara með nemendur á söfn, heimsækja stofnanir og skoða umhverfið. Hér má nefna reglulegar heimsóknir á Borgarbókasafn Reykjavíkur, heimsókn í Landnámssafnið, Þjóðminjasafnið, Þjóðmenningarhús, Skólaping, Hvalasafnið, Sjóminjasafnið og fleiri menningarstofnanir. Ferð í Keiluhöll og fjölmargar heimsóknir nemendahópa á tvennum þemadögum

Í skólanum eru að jafnaði á dagskrá á hverjum vetri. Nemendur stunda útinám, fara í ratleiki og svo nefnd Tjarnarskólahreysti er alltaf á dagskrá skömmu fyrir páska. Nemendur taka einnig þátt í ABC-hjálparstarfi með því að fara um miðborgina og safna í hjálparsjóð. Nemendur heimsækja fyrirtæki og söfn, fara í fræðsluferðir s.s. að fræðast um kynbundið ofbeldi hjá lögregluembættinu, fara gjarnan á nokkrar bíósýningar í Bíó Paradís, taka þátt í Vísindasmiðju Háskóla Íslands og fara á kynningar s.s í Kramhúsinu og fleiri líkamsræktarstöðvum. Tíundu bekkingar fara síðan í nálægt 10 framhalds-skólaheimsóknir á hverjum vetri. Nemendur hafa einnig átt þess kost í íþróttavali að heimsækja ýmsa staði sem bjóða upp á líkamsrækt, svo sem skvass, klifur, skauta, badminton, túnið við Kjarvalsstaði og fleira. Þeim hefur einnig boðist að vera í heimsóknavali og hafa þá heimsótt ýmsa vinnustaði sem þeir hafa haft áhuga á að kynna sér. Nemendum gefst einnig tækifæri á að velja svo nefnt leikskólavali. Þeir fara þá í heimsókn á leikskóla einu sinni í viku og taka þátt í starfinu þar.

Í þessum ferðum gerum við miklar kröfur til nemenda um að sýna fallega framkomu og segjum gjarnan að það sé mikilvægt fyrir þá að skilja eftir sig góðar minningar fyrir þá sem taka á móti þeim. Einnig er ítrekað að skólareglurnar gildi hvar sem nemendur koma fram í nafni skólans og ítrekað að þeir séu sjálfum sér, foreldrum sínum og skólanum til sóma.

Samskipta- og upplýsingavefurinn Námfús; www.namfus.is

Við höfum verið í samstarfi við vefstjóra vefsins Námfús síðast liðin ár. Á vefnum má nálgast fjölbreyttar upplýsingar um framgang námsins, skipulag skólastarfsins og einnig senda pósta og fá upplýsingar um heimanám, námsframvindu og ýmislegt fleira. Við erum mjög varkár í skráningu með tilliti til viðkvæmra persónuupplýsinga.

Samskipti gegnum Google Classroom kerfið

Haustið 2018 hófum við notkun á Google Classroom kerfinu eins og fram hefur komið. Kerfið gefur kost á að eiga samskipti við nemendur, foreldra og kennara innbyrðis. Nemendur geta fengið persónuleg skilaboð um verkefni og framgang þeirra frá kennara og sömuleiðis geta nemendur sent kennurum spurningar og athugasemdir í gegnum kerfið.

Mikil áhersla lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á að foreldrar og skólinn vinni saman að góðri námsframvindu hvers nemanda og velferð hans. Við leggjum afar mikið upp úr góðu upplýsingastreymi í þeim tilgangi að foreldrar og nemendur séu vel upplýstir um skólastarfið, nám og samskipti og vellíðan hvers nemanda.

Námfús

er mikið notaður til þess að koma upplýsingum á framfæri. Bæði nemendur og foreldrar fá aðgangsorð í upphafi skólastarfsins og þar má einnig vinna sjálfsmat í annarlok og eiga margvísleg samskipti. Við notum Námfús þegar nemendur velja sér valgreinar og þegar foreldraviðtöl eru skipulögð.

Tölvupóstar

eru sendir um ýmislegt sem tengist skólalífínu. Við leggjum okkur fram um að veita upplýsingar um skólalífið, viðburði, hagnýtar upplýsingar, fræðslu og fleira í þeim dúr. Ritari umsjónarkennarar og skólalífjóri sjá að mestu um þessa upplýsingagjöf.

Umsjónarkennarapóstar

eru að öllu jöfnu sendir einu sinni í viku. Í þeim fá foreldrar/forráðamenn sundurliðaðar upplýsingar um mætingu og ástundun nemandans. Upplýsingar af öllu mögulegu tagi, s.s. það sem er á döfinni í skólanum, það sem er hagnýtt að foreldrar fái vitneskju um, nestismál, félagsmál og margt fleira má sjá í umræddum umsjónarkennarapóstum auk persónubundna upplýsinga.

Heimasíðan okkar

www.tjarnarskoli.is: Á henni eru settar inn fréttir af skólalífínu og ýmsar hagnýtar upplýsingar.

Fésbókarsíður

eru nýttar til að veita upplýsingar. Foreldrar og kennarar hafa sameiginlega, lokaða síðu á Fésbókinni og við höfum einnig nýtt Fésbókarsíður til þess að vera í sambandi við dönsku gestina okkar, eða þegar við höfum farið í heimsókn til Roskilde í Danmörku. Foreldraráðið hefur einnig búið til sína síðu og foreldrar hafa búið til samskiptasíður bekkjarforeldra. Hagnýtar upplýsingar ásamt fréttum og myndum úr skólalífínu er komið reglulega á framfæri. **Í kjölfar nýrra persónuverndarlaga biðjum við um skriflegt leyfi hjá foreldrum/forráðamönnum og nemendum til að birta myndir úr skólalífínu í jákvæðum tilgangi. Það er gert í umsóknarferlinu. Engar athugasemdir um myndbirtingar hafa borist.**

SMS sendingar

Við notum stundum Námfús til að senda nemendum og foreldrum smáskilaboð. Bæði til að minna á en einnig til að veita upplýsingar.

Haustfundir með foreldrum

Við upphaf skólalífsins höldum við fundi með foreldrum síðdegis. Á þeim fundum er farið yfir ýmis hagnýt atriði, nýir foreldrar fá upplýsingar um Tjarnarskólabraginn, matarmál eru ávallt á döfinni og á þessum fundum tilnefna foreldrar fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins, bekkjarráð og skólaráðið. Skólalífjóri kallar síðan saman stjórn foreldrafélagsins þar sem hópurinn skiptir með sér verkum.

Viðtalsdagar

Í lok 1. og 2. annar hittir umsjónarkennari hvern nemanda ásamt foreldri/forráðamanni í 20 mínútur. Farið er yfir vitnisburð, félagslega stöðu, markmið og stöðumat og teknar ákvarðanir um breytingar ef þurfa þykir.

Fundir á vegum skólaráðs

Skólaráð heldur einn svo nefndan „opinn fund“ á skólaárinu. Á þessum fundum á sér gjarnan stað bæði fræðsla og upplýsingastreymi um skólalífið ásamt góðri samveru.

Útivistarreglur

Um útivistartíma barna- og unglunga er fjallað í 92. grein barnaverndarlaganna en þar segir:

Börn sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22:00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.“

Þau aldursmörk sem getið er um í reglunum miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag, því gilda sömu reglur um fyrir öll börn í sama árgangi.

Nánar má lesa um útivistartíma á vef Umboðsmanns barna:

<https://www.barn.is/frettir/2018/04/utivistartimi/>

Stoðþjónusta



Í Tjarnarskóla eru að jafnaði á milli 50 og 60 nemendur á skólavetri í 8. – 10. bekk. Vegna þess hve fáir nemendur eru í skólanum er skipulag sérkennslu nokkuð frábrugðið því sem gerist í stærri grunnskólum og við höfum þróað stoðþjónustuna í samræmi við það.

Stuðningur í námi, sérkennsla, sérúrræði

Þegar nemandi byrjar í Tjarnarskóla hefur hann átt sína skólagöngu fram að því í öðrum skóla. Það gefur því auga leið að staða hvers og eins er ólík innbyrðis. Við leggjum okkur fram um að kynnast nemandanum, sterkum/veikum hliðum hans og skipuleggja síðan nám og kennslu í samræmi við forsendur hvers og eins. **Því má segja að hver nemandi fái sín sérúrræði.** Í hverjum bekk eru því nemendur gjarnan með ólík viðfangsefni og í lok hverrar annar (3. annir) eru dregnar saman upplýsingar um framgang námsins á önninni. Nemandinn tekur gjarnan próf eða vinnur verkefni á námsmatsdögum. Í sumum tilfellum taka nemendur þó ekki hefðbundin próf, sérstaklega þeir sem eru að kljást við kvíða. Náms efni er breytilegt frá einum nemanda til annars í mörgum námsgreinum. Í sumum námsgreinum fylgjast þó allir að s.s. í mannrækt (lífsleikni).

Þeir nemendur sem eru afkastamiklir og fara hratt yfir námsefnið hafa tekið fjarnámsáfangi þegar þeir hafa lokið grunnskólanámsefni í tiltekinni grein. Bæði fjarnámið og námsefnið er greitt af skólanum. Ef nemandi á hins vegar erfitt uppdráttar er leitast við að finna úrræði sem hentar honum. Allir kennarar vinna náið saman og taka sameiginlegar ákvarðanir um úrræði fyrir hvern og einn. Þau úrræði felast einkum í eftirfarandi:

- Leitast er við að nemandinn fái námsefni við hæfi og þau hjálpartæki sem tiltæk eru hverju sinni.
- Persónulegri aðstoð kennara/sérkennara; ýmist inni í kennslustofu, eða utan hennar.
- Lestrargreiningu og viðbrögðum við henni hef þörf er á, s.s. Logosgreiningu.
- Talnalykill er nýttur og viðbrögð við niðurstöðum skimana ef þörf er á.

- Þjónustu frá Vesturmiðstöð, aðkeyptri þjónustu, s.s. greiningu, þjónustu talmeinafræðings, listmeðferð, þjálfun í félagslegri færni, dvöl á Tröð eða Stíg, styrkingu sjálfsmýndar, þjálfun í einstökum námsgreinum, leiðsögn í mannlegum samskiptum og þannig má lengi telja.

Kennarar skólans annast gjarnan þessa einstaklingsþjónustu en einn sérkennari er í fullu starfi og hefur ásamt öðrum stuðningskennara að jafnaði veg og vanda að viðbótarúræðum gagnvart einstökum nemendum.

Sérkennari/stuðningskennari kynna sér stöðu þeirra nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og vinnur með kennarahópnum að því að bæta stöðu þeirra eins og kostur er. Þeir sinna sérþörfum og halda utan um skráningar og einstaklingsáætlanir í samræmi við sérstöðu hvers og eins. Sérkennari situr jafnframt í nemendaverndarráði skólans. Báðir leggja sig fram um að vinna með hverjum greinakennara að góðum framgangi þeirra sem þurfa stuðningi að halda. Þeir hafa einnig samskipti við foreldra/forráðamenn og sitja gjarnan skilafundi/teymisfundi sem haldnir eru vegna nemenda.

Foreldrar eru nánir samstarfsmenn og eru ávallt upplýstir um úrræði og gang mála. **Umsjónarkennari** sér um að veita þær upplýsingar með skipulögðum hætti. (umsjónarkennarapóstum /símtölum/fundum). Í þessum tilfellum eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir nemandann í samráði við foreldra. Sú vinna er í höndum sérkennara í samráði við hvern fagkennara.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir

Ef nemandi með sérþarfir sækir um skólavist leggja starfsmenn sig fram um að afla upplýsinga um í hverju sérþarfir hans felast og mæta þeim eins og kostur er. Að öllu jöfnu er framgangur eftirfarandi:

Í umsókn um skólavist eru foreldrar beðnir að veita upplýsingar um hvort nemandi er með einhverjar greiningu og/eða sérþarfir og í hverju þær felast.

Áður en nemandi hefur nám við skólann er að öllu jöfnu haldinn fundur með foreldrum og ráðgjöfum /sérfræðingum/skólahjúkrunarfræðingi/fulltrúum frá Þjónustumiðstöð/Greiningarstöð ríkisins, Barnavernd eða öðrum, eftir því hverjar sérþarfir eru. Ef ekki er unnt að hafa fund áður en nemandi sest á skólabekk í Tjarnarskóla, er fundur haldinn eins fljótt og kostur er. Óskað er eftir tiltækum gögnum um nemandann og farið vel yfir hvernig best er að taka á móti nemandanum með hans þarfir í huga og nemendahópnum sem hann kemur til með að vera í. Einnig er hugað að því hvaða upplýsingar er heppilegt að veita bekkjarfélögum/skólafélögum, allt eftir því hver staðan er. Í flestum tilvikum fellur sú upplýsingagjöf í hendur skólastjóra/umsjónarkennara/skólahjúkrunarfræðings. Sú upplýsingagjöf er einungis veitt í samráði við foreldra.

Þegar þörf er á er komið á reglulegum **teymisfundum**. Sérkennari/stoðkennari, umsjónarkennari og skólastjóri vinna náið saman um fundarboð, gagnaöflun og samvinnu við kennarahópinn um dagleg úrræði fyrir nemandann. Sérkennari veitir einnig daglegar/vikulegar upplýsingar til foreldra, allt eftir því hvers eðlis sérþarfir nemandans eru. Í lok hverrar annar fer kennarahópurinn saman yfir stöðu nemandans og leggur línurnar fyrir næstu önn. Aðkoma foreldra er ávallt til staðar.

Einstaklingsáætlanir fyrir þá sem þarfnast sérstaks stuðnings

Sérkennarinn við skólann vinnur einstaklingsáætlanir fyrir nemendur sem þess þurfa í samvinnu við greinakennara, foreldra, nemandann sjálfan og aðra þá sem koma að málefnum viðkomandi

nemanda, s.s. sérfræðinga eða fulltrúa í teymisvinnu í tengslum við velferð viðkomandi nemanda ásamt greiningaraðilum þegar svo ber við. Í þessari vinnu erum við mjög sveigjanleg og tilbúin að leita sífellt nýrra leiða.

Skimanir

Í mörg ár leituðum við til Bergþóru Þorsteinsdóttur, sérkennara um **lesskimanir GRP14h** á hverju hausti. Hún hefur komið í skólann og unnið skimanir í samvinnu við umsjónarkennara. Lesskimanir eru lagðar fyrir alla nemendur í 8. bekk (yngsta árganginn okkar) og þá nýju nemendur sem hafa bæst í hópinn og hafa hvorki lesgreiningu eða Logosgreiningu. Ef um „gamla“ greiningu er að ræða gerum við nýja. Ef tilefni er til er unnin Logosgreining. Hin seinni ár höfum við oftast endurtekið Logosgreiningu þegar nemandinn er kominn í 10. bekk til þess að hafa nýjustu upplýsingar fyrir nemandann með sér í framhaldsskóla. Niðurstöður skimana eru afhentar foreldrum í lok þeirrar annar sem skimun fer fram í og er rædd á foreldrafundi. Ef um Logosgreiningu er að ræða er haldinn fundur með foreldrum og nemanda í kjölfar greiningar. Í haust fengum við góðan liðsauka í kennarahópinn, sérkennara, sem er að ljúka réttindanámi til að vinna Logosgreiningar. Við væntum góðs af samstarfinu.

Bergþóra Þorsteinsdóttir, sérkennari, hefur einnig lagt fyrir **Talnalykil**.

Í vetur verða áfram gerðar **tvær mælingar á lestrarhraða og lesskilningi** til þess að fylgjast með framförum nemenda. Þessar mælingar hafa verið afar gagnlegar og sýnt framfarir. Á þessu skólaári er fyrirhugað að leggja enn meiri vinnu í lestrarþjálfun. Við komum til með að gera grein fyrir þessu átaki í sjálfsmatskýrslu ársins að vori.

PALS námskeið eru hér í boði fyrir ákveðna nemendur og hefur reynslan af því verið góð.

Hlutverk og starfsreglur nemendaverndarráðs

Í skólanum er starfað samkvæmt lögum og reglugerðum um nemendaverndarráð í grunnskólum. Nálágast má reglugerðina í krækjunni hér fyrir neðan:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4>

Nemendaverndarráð 2022 - 2023

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri.

Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, kennari.

Ásdís Eckardt, skólahjúkrunarfræðingur.

Valerija Bibic, sálfræðingur, frá Vesturmiðstöð.

Ásthildur Kristín Garðarsdóttir, kennsluráðgjafi, frá Vesturmiðstöð.

Kristín Inga Hrafnisdóttir, námsráðgjafi.

Á nemendaverndarráðsfundum ræðum við málefni einstakra nemenda og leitumst við að fá fagleg ráð frá skólahjúkrunarfræðingi, sálfræðingi og kennsluráðgjafa sem eru í ráðinu hvað varðar stuðning í námi, félagsfærni, líðan og framgang í skólastarfinu.

Talþjálfun

Í þeim tilfellum að nemandi þarfnast talþjálfunar eru foreldrar upplýstir um talmeinafræðing foreldrum bent á þátttöku Sjúkratrygginga Íslands í kostnaði vegna slíkrar þjálfunar. Fyrirtækið Trappa ehf. hefur verið í samvinnu við skólann þegar kemur að talþjálfun.

Sjúkrakennsla

Ef sú staða kemur upp að nemandi geti ekki sótt skóla vegna langvinnra veikinda skipuleggja kennarar og skólastjóri sjúkrakennslu fyrir nemandann í samvinnu við foreldri/forráðamann og samkvæmt læknisfræðilegu mati. Sjúkrakennslan felst í því að kennari fer heim til nemandans og aðstoðar við námið og nýtir einnig tölvupósta/netmiðla til þess að styðja við námið í samræmi við heilsu og aðstæður nemandans hverju sinni. Fremur lítið hefur reynt á þetta úrræði í gegnum tíðina.

Atvinnutengt nám

Í einhverjum tilfellum hafa einstaka nemendur fengið tækifæri til þess að taka þátt í hinu svo nefnda „atvinnutengda námi“. Í því felst að nemandinn fær að vera á vinnustað, t.d. bifvélaverkstæði eða leikskóla, bakaríi eða frístundaheimili í tiltekinn tíma á viku, inni í stundaskrá. Með þessum hætti hefur þjálfun í að vera hluti af starfsmannahóp á vinnustað, æfa sig í að taka þátt í ákveðnum verkefnum og samskiptum og eflt viðkomandi í að undirbúa sig undir viðfangsefni framtíðarinnar.

Túlkabjónusta

Ef þörf er á er leitað eftir túlkabjónustu.

Hlutverk og viðfangsefni sérfræðibjónustu gagnvart nemendum í grunnskólum

Til nánari upplýsinga er hér vísað á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1040-2011>

Mikill sveigjanleiki – hátt ánægjustig

Við leitumst við að vera vakandi yfir velferð hvers og eins. Á reglulegum kennarafundum er gjarnan farið yfir stöðu einstakra nemenda og teknar ákvarðanir um hvaða skref við teljum æskilegt að stíga.

Sveigjanleiki er mikilvægur í þessu ferli. Með auknum kynnum af nemandanum og reynslu fetum við gjarnan nýjar slóðir. Einstaklingsáætlanir geta því tekið breytingum, jafnvel frá viku til viku í sumum tilfellum. Í viðhorfskönnun síðast liðins árs kemur fram hátt ánægjustig með stoðkennsluna og hvernig brugðist er við til að koma til móts við bráðgera nemendur.

Það er ánægjulegt að geta þess að Bergþóra Þorsteinsdóttir gerði nýjar Logosgreiningar á 6 nemendum í 10. bekk síðast liðinn vetur þ.e. nemendum sem hún hafði greint í 8. bekk. Hún tók sérstaklega fram hvað þessum nemendum hafði farið mikið fram og að ánægja foreldra hefði verið mjög afdráttarlaus í viðtölum sínum við þá.

Samstarf við þjónustumiðstöð


Vesturmiðstöð er að Laugavegi 77, 2. hæð. Síminn þar er 411-1600. Tveir fulltrúar Vesturmiðstöðvarinnar sitja í nemendaverndarráði Tjarnarskóla og sinna því hlutverki að ræða ýmis úrræði sem lúta að velferð nemenda í samráði við aðra nefndarmenn og eru ráðgefandi fyrir starfsmenn skólans.

Sálfræðiþjónusta - greiningavinna

Kennarahópurinn er vakandi fyrir líðan og góðri námsframvindu nemenda í skólanum. Ef kennarahópurinn metur það svo að leita þurfi viðbótarúrræða sem geti styrkt stöðu nemandans enn frekar er málið rætt á kennarafundi. Í sumum tilvikum er leitað beint til fagaðila en oftast er málið tekið fyrir í nemendaverndarráði og óskað eftir aðkomu fagaðila á Vesturmiðstöð. Þar höfum við einnig aðgang að kennsluráðgjafa/sálfræðingi sem mætir/mæta reglulega á fundi í nemendaverndarráði. Einnig hefur verið samstarf við Sól ehf.

Heildaráætlun um stuðning

Í skólanum er unnin heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu. Áætlunin er send til Skóla- og frístundasviðs. Jafnframt eru sendar umsóknir til SFS um viðbótarframlag fyrir þá sem eru skráðir sem fatlaðir nemendur.



Sérúrræði – reglugerðir

Upplýsingar um reglugerðir um sérúrræði má nálgast á krækjunum hér fyrir neðan:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4>

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=5ed99731-e461-4a74-b88c-c4b10fae3474>

Skólaheilsugæsla – hlutverk og þjónusta við nemendur

Á heimasíðu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=24> kemur fram:

„Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Starfsemi heilsuverndar skólabarna er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru fræðsla og heilsuefling, bólusetningar, skimanir og skoðanir og umönnun veikra og slasaðra barna ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skóla.“

Heilsugæsla Tjarnarskóla heyrir undir Heilsugæslu Miðborgar.

Skólahjúkrunarfræðingur Tjarnarskóla er Ásdís Echarðt. Að öllu jöfnu er hún í skólanum á miðvikudögum frá 9.00 – 12.00.

Netfang hennar er asdis.eckardt@heilsugaeslan.is

Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafi skólans er Kristín Inga Hrafnadóttir, náms- og starfsráðgjafi, kringi@sporri.net. Hún mætir í skólann í samráði við skólastjóra og kennara.

Þroskaþjálfari

Enginn þroskaþjálfari er starfandi við skólann þar sem einingin er lítil. Þegar ástæða er til er leitað ráðgjafar þroskaþjálfara



Samstarf við aðrar stofnanir

Í skólastarfinu skapast gjarnan samstarf við aðrar stofnanir samfélagsins. Hér má nefna Barnavernd Reykjavíkur, Barna- og unglingageðdeild, Greiningarstöð ríkisins, sérfræðiteymi í Brúarskóla, Sjónarhól svo einhver dæmi séu tekin. Samvinna hefur jafnan verið með miklum ágætum. Sjálfstæðir ráðgjafar hafa einnig komið til samstarfs. Hér má nefna Sól ehf, samvinnu við markþjálfafyrirtæki og listmeðferðaraðila og Tröppu ehf.

Samstarf við önnur skólastig og grenndarsamfélagið



Samstarf við leikskóla

Undanfarin ár höfum við haft valgrein í skólanum þar sem nemendum gefst kost á að heimsækja leikskóla einu sinni í viku og taka þátt í skólastarfinu. Reynslan af þessum heimsóknum hefur verið afar góð. Unglingarnir voru ánægðir með þetta fyrirkomulag. Síðast liðin tvö ár hafa covidastæður komið að mestu í veg fyrir samstarf af þessu tagi en vonandi birtir upp um síðir.

Samstarf við vinnustaði

Undanfarin ár höfum við öðru hverju haft valgrein í skólanum þar sem nemendum stendur til boða að heimsækja vinnustaði. Nemendur setja sig í samband við vinnustað og fara síðan í heimsókn. Þeir þurfa síðan að gera stutta skýrslu um heimsóknina. Mikil ánægja hefur verið með þessar heimsóknir, en nemendur hafa ýmist farið einir eða tveir saman. Sem dæmi um vinnustaði má nefna veitingastaði, leikhúsin, Lögregluna í Reykjavík, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Eldfjallamiðstöðina, leikskóla og hjúkrunarheimili. Síðast liðin tvö skólaár hefur ekki verið unnt að bjóða upp á slíkt samstarf vegna covidastæðna.

Tengsl við framhaldsskóla

Fjarnámsáfangar

Á undanförunum árum hafa nemendur átt kost á að vera í fjarnámsáföngum í framhaldsskóla. Það sameiginleg ákvörðun kennara, foreldra og nemenda. Talsvert margir nemendur hafa tekið fjarnámsáföngum, ýmist í FÁ eða VÍ.

Á undanförunum árum hefur þátttökulistinn verið þannig:

Ár	Fjöldi nemenda	Heildarfjöldi áfanga
2017 - 2018	6	11 áfangar
2018 - 2019	6	14 áfangar
2019 - 2020	9	14 áfangar
2020 - 2021	6	17 áfangar
2021-2022	5	7 áfangar

Stærðfræðikeppnin í MR

Síðast liðin ár (utan covidára) hefur Menntaskólinn í Reykjavík boðið Tjarnskælingum að taka þátt í árlegri stærðfræðikeppni sem skólinn stendur fyrir. Við höfum átt verðlaunahafa í keppninni.

Heimsóknir 10. bekinga í framhaldsskóla; fræðsla um menntun og störf

Í 10. bekk eru tvær kennslustundir á viku sem við nefnum MEST; menntun og störf. Í þessum tímum fræðast nemendur um námsfyrirkomulag framhaldsskólanna, námskröfur, menningu hvers skóla og fleira. Nemendur kynna sér einnig menntunarleiðir fyrir hin ýmsu störf sem þeir geta stefnt að í framtíðinni. Kennari fer með nemendur í heimsóknir í flesta framhaldsskólana á hverjum vetri. Augum nemenda er einnig beint að atvinnulífinu í þessum tímum.

Við förum gjarnan með nemendur út úr húsi í hinar ýmsu heimsóknir

Kennarar skólans eru duglegir að fara með nemendur á söfn, heimsækja stofnanir og skoða umhverfið. Nemendur kynna listum og menningu, heimsækja fyrirtæki og hafa tekið þátt í Skólalönginginu á hverjum vetri, svo dæmi séu tekin. Bíó- og leikhúsförir eru einnig á dagskrá. Í þessum ferðum gerum við miklar kröfur til nemenda um að sýna fallega framkomu og segjum gjarnan að það sé mikilvægt fyrir þá að skilja eftir sig góðar minningar fyrir þá sem taka á móti þeim. Það er ánægjulegt hversu oft nemendur fá hrós fyrir fallega framkomu og áhuga sem þeir sýna því sem verið er að kynna fyrir þeim með því að spyrja góðra spurninga.

Gestir fá talsvert svigrúm í skólastarfinu


Okkur finnst afar mikilvægt að fá gesti til okkar í skólann. Þannig hefur það verið frá stofnun skólans. Gestirnir segja nemendum frá starfi/áhugamáli sínu, fræða, skemmta o.s.frv. Þegar líður að jólum fáum við gjarnan rithöfunda til þess að lesa upp úr nýjum bókum. Foreldrar hafa einnig boðið nemendum á vinnustaði eða komið með kynningu í skólann. Þeir hafa einnig stungið upp á og/eða aðstoðað við að fá kynningar fyrir nemendur. Foreldrabátttaka af þessu tagi hefur orðið fastur liður í skólastarfinu og foreldrar hafa verið duglegir að stinga upp á gestakomum í skólanum, eða koma sjálfir með kynningar.

Roskilde Lille skole í Danmörku er vinaskóli Tjarnarskóla

Skólaárið 2014 – 2015 var m.a. undirbúningstími fyrir samstarf við Roskilde Lille skole. Liður í undirbúningnum var heimsókn 10 danskra kennara sem tóku þátt í skólastarfinu hjá okkur í eina viku. Í apríl 2016 tókum við síðan á móti 28 dönskum gestum sem voru hjá okkur í eina viku. Dagskrá heimsóknarinnar var fjölbreytt og allir sammála um að „dönsku dagarnir“ hafi tekist einstaklega vel. Tíundubekkingar söfnuðu fyrir Danmerkurferð skólaárið 2016 – 2017 og haldið var til Roskilde í marsmánuði. Danirnir endurguldu síðan heimsóknina í aprílmánuði 2017 þegar 23 nemendur, fjórir kennarar og eitt foreldri dvöldu á Íslandi í vikutíma og nutu gestrisni Tjarnarskólafjölskyldna og starfsmanna. Eins og fram hefur komið tókum við á móti 28 Dönnum í október 2018 og 10. bekkungarnir okkar fóru í heimsókn til Danmerkur í maí 2019. Hópur frá Danmörku kom til okkar haustið 2019 en því miður urðum við að fella niður Danmerkurferð í maí 2020, 2021 og 2022 vegna covid. Við fengum danskan hóp í heimsókn síðast liðið vor og nú eru samskipti í gangi um gagnkvæmar heimsóknir á þessum skólavetri.

Ungbarnadagarnir „Hugsað um barn“

Skólaárið 2009 – 2010 var stigið það skref að tíundu bekkungar tóku þátt í svo nefndum ungbarnadögum. Þetta var námskeið sem var haldið í samvinnu við fyrirtækið OB ráðgjöf. Nemendur í 10. bekk fengu það verkefni að annast „sýndarungbarn“ í tvo og hálfan sólarhring. Í því fólst að fylgjast með því að „börnunum“ væri sinnt af natni og varúð: Bleyjuskipti, mjólkurgjafir voru reglulega á dagskrá, „börnin“ þurftu að ropa og það þurfti að hugga þau. Yngri nemendur sýndu þessu verkefni einnig mikinn áhuga og 10. bekkungar mæltu hiklaust með því að þetta yrði árlegt verkefni í skólanum. Þetta var í fyrsta skipti á Íslandi sem verkefni af þessu tagi fór fram á skólatíma. Þetta tókst svo vel að námskeiðið var haldið að nýju fyrir nemendur í 10. bekk skólaárið 2010-2011 og hefur verið endurtekið á hverju ári. Þetta verkefni hefur jafnframt verið þróunarverkefni í Tjarnarskóla.



Ýmsar áætlanir og fleiri þættir er lúta að öryggi og velferð



Áætlun um öryggis- og slysavarnir

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/ryggis-og-slysavarnir.pdf>

Áætlun um aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/agerir-gegn-einelti-og-ru-ofbeldi.pdf>

Áætlun um áfengis- og fíknivarnir

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/tlun-um-fengis-og-fkivarnir.pdf>

Áætlun um jafnrétti og mannréttindi

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/mannrttindi-og-jafnrtti-tjarnarskli.pdf>

Áætlun um innra mat á árangri og gæðum

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/innra-mat-rangri-og-gaeum.pdf>

Umhverfisáætlun - stefna

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/tfaersla-sklans-grunntum-menntun-og-hersluttum-grunnskalgum.pdf>

Áætlun um öryggis- og slysavarnir - rýmingaráætlun

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/ryggis-og-slysavarnir.pdf>

Áfallaráð – áfallaáætlun

<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/vibrg-vi-fllum.pdf>

Viðbragðsáætlun Almanna- og Almanna

<https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

Viðbrögð við óveðri

<https://www.shs.is/hvad-get-eg-gert/roskun-a-skolastarfi>

Frístundastarfsemi

Samstarf við félagsmiðstöð

Nemendur Tjarnarskóla eru búsettir í hinum ýmsu hverfum borgarinnar. Það er undir hverjum og einum komið að sækja „sína“ félagsmiðstöð ef hann vill. Ef um er að ræða viðburði sem tengjast sérstaklega samstarfi félagsmiðstöðvar og Tjarnarskóla. Við höfum auk þess aðgang að **félagsmiðstöðinni 100og1** sem er staðsett við Austurbæjarskóla. Nemendur eru ávallt velkomnir þangað og við höfum farið með alla bekkir í heimsókn þangað til að kynna þeim aðstæður. Þar sem nemendur búa dreift kjósa þau einnig að sækja félagsmiðstöð í sínu hverfi.

Nemendur skólans hafa t.d. tekið þátt í keppnum á vegum félagsmiðstöðvanna og tilteknum viðburðum á þeirra vegum. Skólaveturinn 2013-2014 gerðist skólinn aðili að Samfés og tók þátt í viðburðum á þeim vettvangi. Fulltrúar nemenda hafa tekið þátt í Samfésböllum, Stíl, Skrekk og söngvakeppni Samfés. Þessi ráðstöfun hefur gengið vel og við væntum góðs af áframhaldandi þátttöku.

Þar sem fjöldi nemenda er einungis á milli fimmtíu og sextíu unglingar getum við auðveldlega notað kennslustofur þegar um er að ræða stóran hluta félagsstarfsins. Við höfum verið fundvís á leiðir til þess. Hápunktur félagsstarfsins er ávallt árshátíð skólans. Í mörg ár höfum við haft hana hjá nágrönnum okkar í Iðná. Kennarar eru einnig viljugir að gera ýmislegt félagslegt þvert á árganga, þá skiptum við nemendum í hópa og gamla skólahúsið nýtt á öllum hæðum.

Skólasetningar og skólaslit eru ávallt í Dómkirkjunni í Reykjavík. Við höfum einnig notið velvildar í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar í hinum enda hússins en þar höfum við stundum fengið aðstöðu.

Við stofnuðum auk þess eigin „félagsmiðstöð“ sem fékk nafnið *Tjarnó*. Eftir það hafa Tjarnarskólanemendur getað tekið þátt í viðburðum á vegum Samfés og verið virkir í því, s.s. Samfésballi, Skrekk, Söngkeppninni og Stíl.

Við förum gjarnan með nemendum út úr húsi; s.s. í keilu og á skauta og frosin Tjörninn hefur verið nýtt til félagslegra athafna.

Starfsáætlunin er birt á heimasíðu skólans www.tjarnarskoli.is . Þar má einnig finna skólanámskrána okkar, fréttir úr skólastarfinu og fleira.

Að lokum:

**Við hlökkum ávallt til skólastarfs á nýju skólaári og
að vinna með góðum unglingum!**



Október 2022

Margrét Theodórsdóttir

Margrét Theodórsdóttir

skólastjóri

